

Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Kennaradeild  
2012

# **Grenndaraðferð og grenndarkennsla**

Hugmyndir íslenskra skólamanna 1880–1936

Ruth Margrét Friðriksdóttir

Lokaverkefni

Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Kennaradeild  
2012

# **Grenndaraðferð og grenndarkennsla**

Hugmyndir íslenskra skólamanna 1880–1936

Ruth Margrét Friðriksdóttir

Leiðsögukennari: Bragi Guðmundsson

Lokaverkefni til 180 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

---

Ruth Margrét Friðriksdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

---

Bragi Guðmundsson

## Útdráttur

Eftirfarandi ritgerð er lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Kennaradeild Háskólans á Akureyri. Viðfangsefni hennar er hugmyndir íslenskra skólamanna um grenndaraðferð og grenndarkennslu á árunum 1880–1936. Gengið var út frá rannsóknarspurningunni: *Hvaða hugmyndir höfðu íslenskir skólamenn um grenndaraðferð og grenndarkennslu á árunum 1880–1936 og hvernig birtust þær í tímaritum á þeim tíma?* Íslensk menntatímarit ásamt völdum almennum tímaritum frá þessum árum voru skoðuð með það að leiðarljósi að finna vísbendingar um viðfangsefnið. Efnisyfirlit tímarita var skoðað og allar greinar sem báru titla sem bentu til þess að í þeim mætti finna eitthvert efni tengt grenndaraðferð eða grenndarkennslu voru skoðaðar nánar. Hér er gerður sá greinarmunur á hugtökunum grenndarkennslu og grenndaraðferð að það fyrrnefnda vísar til þess þegar áhersla er lögð á að kenna nemendum um grenndina en grenndaraðferð á við það þegar viðfangsefni úr nágrenni eru nýtt sem uppspretta hugmynda og/eða samanburðar við kennslu. Í meginkafla ritgerðarinnar er greint frá öllum þeim heimildum sem fundust. Í ljós kom að íslenskir skólamenn höfðu talsverðar hugmyndir um ágæti þess að nýta grenndina við kennslu og rökstuddu kosti þess gjarnan með vísun í uppeldisfræðileg sjónarmið. Í skrifum nokkurra höfundna mátti þó greina þjóðerniskennd og áherslu á ættjarðarást. Nokkur munur var á því eftir tímabilum hversu margar greinar birtust um viðfangsefnið en helstu námsgreinar sem höfundar tengdu við grenndaraðferð og/eða grenndarkennslu voru saga, náttúrufræði, landafræði og áttthagafræði. Sett er fram stutt ágríp um þá greinarhöfunda sem skrifuðu um viðfangsefnið og stuttlega er litið á tengingar milli helstu talsmanna þeirrar kennslunálgunar að nýta nágrennið eftir föngum og víkka svo sjóndeildarhringinn.

## Abstract

The following thesis is the final assignment for a B.Ed. degree at the faculty of Education at the University of Akureyri. The subject is Icelandic scholars' ideas about „local studies“ and „teaching of the near environment“ in the years 1880–1936. The thesis's research questions is: *What ideas did Icelandic scholars have about „local studies“ and „teaching about the near environment“ in the years 1880–1936 and how did their ideas appear in journals at the time?* Icelandic educational journals along with chosen magazines from the mentioned period were researched with the aim of finding anything that had to do with the subject of the thesis. The tables of content of the journals and magazines were examined and all articles that bore a title which indicated that information could be found about „local studies“ or „teaching of the near environment“ were examined further. In this thesis a distinction is made between the concept of „local studies“ on the one hand and „teaching of the near environment“ on the other. The former refers to when emphasis is placed on teaching the children about the near surroundings, but „teaching of the near environment“ refers to when subjects from the near environment are used as a source of ideas or as comparison to other similar objects when used in class. In the main chapter of the thesis all the sources found on the topic are analyzed. During the research it could be seen that Icelandic scholars had many interesting ideas on the use of the near surroundings when teaching and argued for the benefits of doing so by referring to pedagogical ideas. In the writings of some scholars nationalistic sentiments and an emphasis on patriotic feelings could be seen. There was quite a difference from one period to the other in terms of the number of articles on the subject. Most articles on „local studies“ and „teaching of the near environment“ were written in relation to courses on history, natural science, geography and native region studies. A short biography is given on the writers of the articles on the subject as well as an examination of the link between the writers who were the key supporters of the use of teaching of the near surrounding as a foundation for a further widening of the horizon.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Hugtökin grenndarkennsla og grenndaraðferð .....	3
3. Aðferð .....	4
4. Tímarit .....	6
4.1 Menntatímarit .....	6
4.2 Almenn tímarit.....	8
5. Hugmyndir skólamanna um grenndaraðferð og grenndarkennslu .....	9
5.1 Síðari hluti 19. aldar fram til 1906 .....	9
5.1.1 Upp úr aldamótunum 1900 .....	14
5.1.2 Tímamótaritið Lýðmenntun.....	15
5.2 Frá árinu 1907.....	19
5.3 Eftir setningu fræðslulaga 1926.....	26
6. Umræða .....	31
6.1 Fjöldi greina.....	31
6.2 Áherslubreytingar .....	32
6.3 Tenging við námsgreinar .....	33
6.4 Tengsl helstu talsmanna.....	35
7. Lokaorð.....	37
Heimildaskrá.....	38
Yfirlit yfir fylgiskjöl .....	45
Fylgiskjal 1 – Skoðuð tímarit í stafrófsröð .....	46
Fylgiskjal 2 – Skoðuð tímarit í tímaröð.....	49
Fylgiskjal 3 – Stutt ágríp um helstu greinarhöfunda .....	55

# 1. Inngangur

Með auknum hraða í nútíma þjóðfélagi er auðvelt að gleyma stað og stund og leita langt yfir skammt. Ef staldrað er við sést að menningararfur okkar liggur við hvert fótstígi. Ástæða er til að nýta þann arf og nánasta umhverfi í auknum mæli við kennslu en þannig má byggja upp meðal nemenda umhyggju gagnvart nærumhverfinu, sögu þess og menningu. Í því skyni urðu til hugtökin grenndarkennsla og grenndaraðferð sem komu fram á sjónarsviðið við upphaf nýhafinnar aldar. Þau vísa til þess þegar kennt er um nærsamfélagið og þegar viðfangsefni úr nágrenni eru nýtt sem uppspretta hugmynda og/eða samanburðar við kennslu.

Höfundur þótti forvitnilegt að vita hvort þeir menn sem lögðu grunninn að núverandi skólaskipulagi hér á landi höfðu einhverjar hugmyndir um slíkt kennslufyrirkomulag og, ef svo var, hverjar þessar hugmyndir voru. Því var lagt upp með rannsóknarspurninguna: *Hvaða hugmyndir höfðu íslenskir skólamenn um grenndaraðferð og grenndarkennslu á árunum 1880–1936 og hvernig birtust þær í tímaritum á þeim tíma?* Með það að leiðarljósi að finna svar við þessari spurningu voru menntatímarit og nokkur almenn tímarit frá þessu tímabili skoðuð.

Ritgerðin hefst á því að gerður er greinarmunur á hugtökunum grenndaraðferð og grenndarkennsla. Því næst er aðferð við heimildaöflun lýst og stuttlega er fjallað um þau tímarit sem voru skoðuð. Þar á eftir kemur meginmáli ritgerðarinnar þar sem greint er frá þeim vísbendingum sem fundust um hugmyndir manna um grenndaraðferð og grenndarkennslu í tímaritum frá 1880–1936. Kaflanum er skipt upp í þrjú tímabil sem afmarkast af lagasetningum um fræðslumál og skýrt er frá þeim heimildum sem fundust í tímaröð. Til þess að hugsun greinarhöfunda fái skinið í gegn hafa nokkrar beinar tilvitnanir fengið að fljóta með. Þær lengstu eru afmarkaðar með römmum og nánar er fjallað um þær í meginmáli. Í beinum tilvitnunum hafa stafsetningarvillur verið lagfærðar og stafsetningu breytt í samræmi við núgildandi reglur. Orðaröð, greinarmerkjasetning og skáletrun haldast þó óbreytt frá upprunalegum texta. Loks er stuttur umræðukafli þar sem höfundur veltir vöngum yfir nokkrum atriðum, svo sem fjölda greina um efnið, áherslubreytingum, hvaða námsgreinar koma helst við sögu í þeim heimildum sem fundust og hver tengsl helstu talsmanna grenndaraðferðar eru.

## 2. Hugtökin grenndarkennsla og grenndaraðferð

Auðvelt er að draga þá ályktun að grenndarkennsla og grenndaraðferð séu samheiti. Hugtökin vísa vissulega bæði til þess að nýta það sem næst liggur til kennslu en hér verður gerður nokkur greinarmunur á þeim.

Bragi Guðmundsson, prófessor í sagnfræði við Háskólann á Akureyri, er sá sem hefur ritað hve mest um grenndarfræði og hefur hann að mestu leyti notast við orðið grenndarkennsla. Grenndarkennslu segir hann vísa til þeirrar kennslunálgunar þegar nágrennið er nýtt eftir föngum og sjóndeildarhringurinn svo víkkaður út „frá hinu nálæga til hins fjarlæga; frá hinu þekkta til hins óþekkta; frá hinu hlutstæða til hins óhlutstæða“ (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 55). Höfundur þessarar rannsóknar kýs að nota frekar orðið grenndaraðferð um það sem Bragi lýsir með fyrrnefndum orðum. Því til stuðnings má vísa í lokaverkefni Söru Regínu Valdimarsdóttur til M.Ed.-gráðu en þar veltir hún því fyrir sér hvort ekki sé hentugra að tala um grenndaraðferð í þessum skilningi líkt og þegar talað er um söguaðferð og landnámsaðferð. „Þannig væri ljóst að á sama hátt og saga er lögð til grundvallar í söguaðferð og landnám lands í landnámsaðferð, þá væri grenndin grundvöllurinn í grenndaraðferð“ (Sara Regína Valdimarsdóttir, 2009, bls. 66).

Þegar höfundur talar um grenndarkennslu hér eftir vísar það til þess þegar áhersla er lögð á að kenna nemendum um grenndina. Hins vegar er notast við orðið grenndaraðferð þegar viðfangsefni úr nágrenni eru nýtt sem uppspretta hugmynda og/eða samanburðar við kennslu í hvaða námsgrein sem er. Hugtakið grennd eða nágrenni er í þessu samhengi fremur óljóst því það getur vísað til þess sem augað nemur, þess sem mannleg hugsun hefur skilið eftir sig og þess sem samkennir tiltekna heild, hvort heldur hún er hérað eða landshluti ellegar miklu minni eining, til dæmis þorp.

### 3. Aðferð

Höfundur er ekki kunnugt um aðrar rannsóknir á sama efni og var því ærið verkefni að afmarka heimildaöflun við ákveðið tímabil, velja tímarit og ákvarða hvers konar leitaráðferð væri hentugust. Umfang verkefnisins leyfði ekki að ráðist væri í rannsókn sem tæki til allra útgefinna tímarita á því tímabili sem rannsóknin tekur til enda spannar það þegar upp er staðið tæpa sex áratugi. Áður en heimildaleit hófst var ómögulegt að sjá fyrir hvort og þá hversu mikið efni myndi finnast. Upphaflega lagði höfundur því af stað í rannsóknarvinnuna með nokkuð opið tímabil í huga þar sem fyrri tímamörk afmörkuðust við árið 1880 þegar sett voru lög um uppfræðing barna í skrift og reikningi (nr. 2/1880). Höfundur væntir þess ekki að það ár myndi bláupphafið að hugmyndum manna um grenndaraðferð eða grenndarkennslu; þær hugmyndir eiga vafalaust upphaf sitt að rekja langt aftur í tímann. Hér varð þó að draga mörkin einhversstaðar og úr varð að miða við þessi tímamörk.

Hæglega hefði mátt láta staðar numið í heimildaöflun við tímamótaárið 1907 þegar fyrstu almennu lögin um fræðslu barna voru gefin út (Lög um fræðslu barna nr. 59/1907). Höfundur ákvað þó að halda tímarammanum opnum og skoða tímarit fram að næstu lagasetningu árið 1926 (Lög um fræðslu barna nr. 40/1926). Í þeim lögum voru meðal annars gerðar auknar kröfur til þekkingar barna í nokkrum námsgreinum sem þegar höfðu komið talsvert fyrir í heimildaöflun í tengslum við grenndarkennslu. Þremur árum síðar var svo gefin út fyrsta námskráin fyrir íslenska barnaskóla. Í henni fékk átthagafræði umtalsverða umfjöllun og því varð úr að lengja tímarammann enn frekar og skoða nokkra árganga til viðbótar enda átthagafræði náskyld grenndarkennslu og grenndaraðferð. Að endingu var látið staðar numið þegar skoðuð höfðu verið tímarit sem komu út árið 1936 þegar ný lög um fræðslu barna voru sett og skólaskylda færð niður í sjö ára aldur að farskólahverfum undanskildum (Loftur Guttormsson, 2008c, bls. 108–113; Lög um fræðslu barna nr. 94/1936; Ólafur Rastrick, 2008, bls. 199–200).

Við val á tímaritum beindust sjónir höfundar fyrst og fremst að þeim málögnum sem fjalla um fræðslu- og menntamál og skoðuð voru öll tímarit sem fundust því tengd. Auk þeirra voru valin af handahófi sex tímarit almenns efnis til að fylla upp í eyðurnar þau ár sem engin menntatímarit komu út. Til að ná betri heild í heimildaöflunina ákvað höfundur síðan að skoða alla árganga almennu tímaritanna innan hins valda tímaramma.

Lista yfir skoðuð tímarit er að finna í fylgiskjölum 1 og 2. Í fylgiskjali 1 hefur tímaritunum verið raðað í stafrófsröð og tekið fram hvaða árgangar voru skoðaðir ásamt því

að útgefenda er getið. Í fylgiskjali 2 hefur tímaritunum hins vegar verið raðað eftir útgáfuárum í tvo dálka eftir því hvort höfundur þessarar ritgerðar flokkaði þau sem menntatímarit eða tímarit almenns eðlis. Þar má auðveldlega sjá hvaða ár engin menntatímarit voru gefin út. Auk þessara tímarita var heimilda aflað úr völdum bókum eftir því sem vísað var til þeirra í tímaritsgreinum eða höfundur taldi ástæðu til að leita fanga í þeim.

Tímaritin sem skoðuð voru var ýmist að finna á Amtsbókasafninu á Akureyri, á Íslandssafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns eða í einkasafni ásamt því að mörg þeirra eru til í stafræna safninu Tímarit.is. Við val á leitaraðferð var því sá möguleiki fyrir hendi að nota ákveðin leitarorð og leita í heildartextum ritanna á Tímarit.is. Við þá aðferð er hins vegar sá galli að bæði stafsetning og orðanotkun er ekki alltaf sambærileg nógildandi reglum og hætt er við að með þess háttar leit yfirsjáist þeim sem leitar heimildir þar sem oftar en ekki þarf að lesa á milli línanna í greinum til að finna vísbendingar um grenndarkennslu og/eða grenndaraðferð. Sú leitaraðferð var því útilokuð og valið að fara þá leið að fletta í gegnum öll tölublöð. Fljótlega varð ljóst að of tímafrekt væri að afla heimilda með þeim hætti en í upphafi heimildaleitar fletti höfundur í gegn öllum tölublöðum af *Menntamálum* og *Skólablaðinu*. Úr varð að efnisyfirlit eftirstandandi tímarita var skoðað og allar greinar sem báru titla sem bentu til þess að í þeim mætti finna eitthvert efni tengt grenndaraðferð eða grenndarkennslu voru skoðaðar nánar.

## 4. Tímarit

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir þeim tímaritum sem fjölluðu um fræðslumál og komu út á árunum 1880–1936 ásamt völdum tímaritum sem voru skoðuð með það að leiðarljósi að finna vísbendingar um grenndaraðferð og/eða grenndarkennslu.

### 4.1 Menntatímarit

Kennarastétt Íslands átti ekki sérstakt mál gagn fyrir en með útgáfu *Tímarits um uppeldi og menntamál* árið 1888. Fram að því höfðu kennarar og aðrir sem létu sig uppeldi og menntun varða birt einstaka greinar um menntamál í almennum tímaritum og blöðum. Að *Tímariti um uppeldi og menntamál* stóðu Jóhannes Sigfússon, Jón Þórarinsson og Ögmundur Sigurðsson en þeir Jóhannes og Jón voru auk þess meðal stofnenda fyrstu kennarasamtaka Íslands árið 1889 en þau nefndust Hið íslenska kennarafélag. Í ritinu, sem var gefið út einu sinni á ári, birtust ýmsar greinar um skólamál, ýmist eftir ritstjórnara sjálfa eða aðra skólamenn. Einungis komu út fimm árgangar þar sem hætta þurfti útgáfunni sökum fjármagnsskorts (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 242 og 305).

Eftir að hætt var að gefa út *Tímarit um uppeldi og menntamál* samdi stjórn Hins íslenska kennarafélags við Björn Jónsson, ritstjóra *Heimilisblaðsins*, um að það rit yrði mál gagn kennara. Aðeins komu út þrjú árgangar af tímaritinu sem lagði upp laupana árið 1896. Það var ekki fyrir en þremur árum seinna sem útgáfa á riti ætluðu kennurum hófst á ný þegar Sigurður Jónsson gaf út *Kennarablaðið*. Það náði þó ekki útbreiðslu og varð enn skammlífara en hin ritin þar sem aðeins var gefinn út einn árgangur af því. Upp úr aldamótunum 1900 var því ekkert sérstakt tímarit gefið út með efni um fræðslumál. Sjö ár liðu þar til næsta menntamálatímarit var gefið út en *Skólablaðið* hóf göngu sína árið 1907 og var gefið út með hléum fram til 1922. Fyrsta árið var Helgi Valtýsson ritstjóri þess en Jón Þórarinsson tók síðan við af honum og ritstýrði blaðinu fram til 1916 þegar hlé varð á útgáfu þess (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 305; Kennarafjelagið tvítugt, 1909, bls. 30).

Í þessu hléi á útkomu *Skólablaðsins* greip Hallgrímur Jónsson tækifærið og gaf út blaðið *Vörð* sem átti að tengja saman alþýðukennara á landinu (Hallgrímur Jónsson, 1917, bls. 1). *Vörður* hlaut hins vegar sömu örlög og forverarnir og útgáfu blaðsins var hætt sökum féleysis eftir að einungis einn árgangur hafði komið út (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 305). Árið 1919 kom *Skólablaðið* út að nýju en þá í umsjá Helga Hjörvars sem gaf einn út tvo árganga af því. Þeir Ásgeir Ásgeirsson og Steingrímur Arason bættust við í ritstjórnina árið

1921 og kom blaðið út í umsjón þeirra þremmenninga fram undir mitt ár 1922 (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 305). Í síðasta tölublaðinu er þess getið að ritið hafi ekki komið út fyrr á árinu sökum pappírslæsis og fjárskorts (Ásgeir Ásgeirsson, Helgi Hjörvar og Steingrímur Arason, 1922, bls. 12). Að tveimur árum liðnum, 1924, tók Ásgeir Ásgeirsson sig til og stofnaði ritið *Menntamál* (hét *Mentamál* fram til 1931 en verður hér framvegis ritað *Menntamál*) í samráði við Samband íslenskra barnakennara (SÍB) sem stofnað hafði verið árið 1921 (Ásgeir Ásgeirsson, 1924, bls. 1; Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 139–140). *Menntamál* átti að „kynna íslenskum kennurum nýjustu hreyfingar í skólamáli og vekja þá til umhugsunar um sitt starf og umbótaviðleitni“ (Ásgeir Ásgeirsson, 1926, bls. 1). Um áratug síðar varð ritið að mál gagni SÍB (Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 141).

Önnur tímarit sem voru skoðuð en teljast ekki með helstu málögnum kennara þó þau séu flokkuð hér sem menntatímarit eru: *Barnadagurinn*, *Boðberinn*, *Félagsblað Sambands íslenskra barnakennara*, *Foreldrablaðið*, *Fóstra*, *Lýður*, *Skóli og heimili* og *Sumargjöfin: Uppeldismálarit*. Barnavinafélagið Sumargjöf gaf út tímaritin *Sumargjöfin: Uppeldismálarit* frá 1925 til 1929, *Fóstra* árið 1931 og *Barnadagurinn* á árunum 1934–1938. Öll voru þau uppeidismálarit ætluð fullorðnum lesendum. *Félagsblað Sambands íslenskra barnakennara* var rit fyrir aðildarmenn stéttarfélagins SÍB. Blaðið *Lýður* átti meðal annars að fjalla um menntamál og komu út af því tveir árgangar. *Foreldrablaðið*, gefið út af Stéttarfélagi barnakennara í Reykjavík, hóf göngu sína 1934 og var markmið þess að efla skilning alþýðunnar á skólastarfi. Að fyrirmynd *Foreldrablaðsins* komu út tveir árgangar af *Skóla og heimili* í útgáfu Kennarafélags Ísafjarðar (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 288). Kennarar Barnaskóla Akureyrar gáfu út *Boðberann* með það að leiðarljósi að fræða foreldra um starfshætti skólans og minnka með því bilið milli heimila (Snorri Sigfússon, 1932, bls. 1–2). Engar nýtilegar heimildir fundust í þessum tímaritum né heldur í málögnum nemenda Kennaraskóla Íslands sem gefin voru út á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar undir titlunum: *Jarðvöðull: mál gagn stefnuleysingja*, *Nálar-Oddur*, *Silkisokkurinn* og *Örvar-Oddr: Skólablað kennaraskólans* (í fylgiskjölum 1 og 2 má sjá hvaða árgangar tímaritanna voru skoðaðir).

#### 4.2 Almenn tímarit

Þrátt fyrir rýsjótta tíð í útgáfu fræðslumálarita létu ákveðnir menn sig skólamál varða og skrifuðu greinar í hin ýmsu rit. Þau almennu tímarit sem voru skoðuð í þessari rannsókn voru: *Andvari*, *Fjallkonan*, *Frjettir frá Íslandi*, *Nýja öldin*, *Skinfaxi* og *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*.

Hið íslenska bókmenntafjelag stóð að útgáfu bæði *Frjetta frá Íslandi* og *Tímarits Hins íslenska bókmenntafélags*. Fyrsti árgangur fyrrnefnda ritsins var gefinn út árið 1871 en alls urðu árgangarnir sautján. Af því síðara komu út 25 árgangar frá árinu 1880 en í því birtust ritgerðir um hin ýmsu málefni. Árið 1874 hóf Hið íslenska þjóðvinafélag útgáfu á *Andvara* sem hefur, að frátöldum tveimur árum, komið út árlega síðan. Áratug síðar hóf blaðið *Fjallkonan* göngu sína en varð ekki jafn langlíf þar sem útgáfu þess var hætt 1911. Þrír árgangar komu út af *Nýju öldinni* sem hætti að koma út um aldamótin 1900. Tímarit Ungmennafélags Íslands, *Skinfaxi*, hóf göngu sína 1909, tveimur árum eftir stofnun félagsins, og hefur ritið komið út óslitið allar götur síðan.

## 5. Hugmyndir skólamanna um grenndaraðferð og grenndarkennslu

Í þessum kafla er greint frá þeim vísbendingum sem fundust í tímaritum frá 1880–1936 um hugmyndir íslenskra skólamanna um grenndaraðferð og grenndarkennslu. Kaflanum er skipt í undirkafla sem afmarkast af settum lögum um fræðslu barna. Þess ber að geta að á þessum árum birtust einnig nokkrar greinar í íslenskum tímaritum eftir erlenda kennara og var þeim leyft að fljóta með enda hafa þær að öllum líkindum verið þýddar fyrir tilstuðlan íslenskra skólamanna. Hér er vert að benda á að í fylgiskjali 3 er stuttlega gerð grein fyrir helstu greinarhöfundum sem skrifuðu um viðfangsefnið.

### 5.1 Síðari hluti 19. aldar fram til 1906

Undir lok 19. aldar komst nokkur skriður á fræðslumálin hér á landi þegar sett voru lög um uppfræðing barna í skrift og reikningi árið 1879 sem konungur staðfesti árið 1880 (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 14). Þessi lagasetning markar ákveðin skil í sögu menntamála á Íslandi þar sem í kjölfar hennar voru stofnaðir fleiri barnaskólar fyrir alþýðu enda voru ekki öll heimili í stakk búin til að veita börnum þessa lögbundnu fræðslu (Loftur Guttormsson, 2008e 58–59; 2008f, bls. 45–48). Það er því við hæfi að miða við þessi tímamót og hefja heimildaleit í tímaritum frá árinu 1880.

Áður en gengið er í að skoða greinar innan þess tímaramma sem hér hefur verið valinn og fjallað er um þær vísbendingar sem fundust er ágætt að hafa smá hugmynd um það efni í anda grenndaraðferðar eða grenndarkennslu sem þegar hafði birst á prenti. Í því tilliti er vert að nefna verðlaunaritgerð Einars Ásmundssonar (1871), *Um framfarir Íslands*. Í henni fjallar hann meðal annars um menntun alþýðunnar og tekur sérstaklega fyrir nokkrar námsgreinar sem leggja beri áherslu á, til að mynda náttúrufræði, landafræði og skyldar greinar, án þess þó að geta þess hvernig best sé að haga kennslu í þeim (Einar Ásmundsson, 1871, bls. 10–11). Í umfjöllun um sögu má hins vegar greina hugsunarhátt sem tekur mið af grenndinni í fremur víðum skilningi, það er öllu landinu (sjá ramma 1 á næstu síðu). Skrif Einars um sögukennslu bera keim af því að á þessum tíma eru Íslendingar að berjast fyrir því að fá stjórnarskrá og því vert að velta því fyrir sér hversu mikil áhrif sjálfstæðisbarátta Íslendinga hafi haft á hugmyndir manna um hvernig haga skyldi kennslu í landinu.

Það segir sig sjálft, að oss er sér í lagi nauðsynlegt að þekkja vel sögu þjóðar vorrar og ættjarðar, því hver er sjálfum sér næstur, og eins og enginn einstakur maður er öðrum að öllu líkur, eins er það margt, sem einkennilegt er hjá hverri einstakri þjóð, þó margt sé sameiginlegt með þjóðunum eins og mönnunum. Öllum hlýtur því að vera ljóst, að sá einn geti haft grundaða skoðun á málefnum þjóðar sinnar, sem þekkir sögu hennar til hlítar, hvernig hagar þjóðarinnar hefir verið á hinum liðnu öldum, hvernig hann hefir breyst af ýmsum orsökum, ýmist til hins betra eða lakara, og hvernig hann er nú í öllum greinum. Sá einn, sem hefir ljósa hugmynd um þetta allt saman, getur með nokkurri vissu dæmt um, hver ráð sé hyggilegust til að bæta kjör þjóðarinnar og efla framfarir hennar í andlegum og líkamlegum eignum (Einar Ásmundsson, 1871, bls. 10).

Segja má að grenndin sé í þessu tilviki frekar landið sjálft heldur en það sem telst sem grennd hvers einstaklings. Það verður að teljast fremur rúm skilgreining þótt landið sjálft sé vissulega í víðari skilningi grennd allra landsmanna.

Sé vikið að þeim heimildum sem fundust og tengja má við grenndaraðferð og/eða grenndarkennslu ber fyrst á góma grein sem Þorvaldur Thoroddsen skrifar í *Andvara* 1881. Í henni reifar hann skólamál í Svíþjóð og kemur meðal annars fram að í landafræði og náttúrufræði sé einkum kennt um sænskt

landslag, dýr og plöntur (bls. 98). Bendir það til þess að grenndin í sinni víðustu skilgreiningu sé nýtt í kennslu þessara námsgreina.

Í *Frjettum frá Íslandi* frá 1882 greinir Jónas Jónasson frá svipuðum hugmyndum og Einar Ásmundsson um að sögukennsla taki í ríkari mæli mið af ættjörðinni. Jónas minnst á breytingar á námsfyrirkomulagi í Gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum þar sem kenna átti ítarlegar Íslandssögu í stað þess að kenna sögu hinna Norðurlandanna. Með því telur hann að skólinn verði þjóðlegri og námið lærdómsríkara. Í sama kafla er greint frá útgáfu bóka og þess getið að undrum sæti að eina kennslubókin í landafræði sem gefin hafi verið út á árinu fjalli nánast ekkert um Ísland (Jónas Jónasson, 1883, bls. 33 og 37–38).

Fyrstu tvær heimildirnar sem fundust benda báðar til þess að leggja beri áherslu á að laga kennslu að landi og þjóð. Engar heimildir fundust fram til ársins 1886 en þá ritar ónefndur höfundur um alþýðumenntun í *Fjallkonuna* (sjá ramma 2). Segja má að orð hans lýsi á

Mest er undir því komið, að kennsla barna sé löguð eftir skilningi þeirra. Þeim veitir oft örðugt að skilja annað en það, sem þau hafa séð og heyrt, því að hugsunarsvið þeirra nær einungis út yfir hið daglega líf. Á því ríður og mest, að kenna börnunum fyrst að þekkja heiminn í kringum sig, koma þeim í skilning um þá hluti og atvik, er iðulega bera fyrir augu; með þeim hætti æfist best og þroskast skilningur þeirra. ... verður einkum að kenna þeim það, sem rýmkar útsýni þeirra í daglegu lífi og glæðir starfslöngun þeirra og verksvit. Að öðrum kosti er hætt við að námið verði ómeginslyf og dragi úr andlegum þroska barnanna (Alþýðumentun: II, 1886, bls. 49).

nokkuð greinargóðan hátt því sem við köllum í dag grenndaraðferð þó höfundur taki fremur djúpt í árinna með því að segja námið verði að öðrum kosti ómeginslyf.

Ári síðar birtist í sama tímariti umfjöllun eftir Þorvald Thoroddsen um þörf á náttúrugripasafni. Þar setur hann fram sem rök að hlutirnir sjálfir þurfi að vera við höndina þegar nám í náttúrufræði fer fram, bækur komi þar aðeins að takmörkuðu gagni. Í greininni kemur hann inn á að Íslendingar þurfi að læra að takast á við þá sérstöku náttúru sem þeir búi við til þess að geta nýtt sér hana í haginn. Þorvaldur kemst svo að orði: „Það sýnist þó eiga að liggja nærri, að vita eitthvað um sjálfan sig og það er menn daglega hafa fyrir augum og daglega eiga í stímabráki við“ (Þorvaldur Thoroddsen, 1887, bls. 91). Þannig telur hann engar forsendur vera fyrir umbótum á atvinnuvegum landsins þegar fræðslu um eigið land er ábótavant, þar sem framfarir eru litlar þegar þekkingu skortir. Þrátt fyrir að Þorvaldur kalli í greininni eftir almennilegu náttúrugripasafni í tengslum við nám í Lærða skólanum bera orð hans með sér þann boðskap að við nám eigi að nýta það sem finnst í umhverfinu til að byggja frekari þekkingu á.

Árið 1888 kom út á prenti ritgerð eftir Boga Th. Melsteð sem hann ritaði tveimur árum áður og ætlunin var að birta í *Andvara* en úr því varð ekki. Í henni kemur hann inn á að skólarnir standi í þeirri gömlu trú „að hið fjarlægga sé miklu merkara en hið nálægga og skylda“ (Bogi Th. Melsteð, 1888, bls. 33). Hann vill leggja ríkari áherslu á íslenskukennslu í skólum landsins í stað þess að eyða miklum tíma í að kenna nemendum málfræði erlendra tungumála. Hann telur að byggja þurfi sterkari grunn í móðurmálinu áður en byrjað er að kenna erlendu málin. Bogi bendir í því skyni á að fara ætti að kröfum kennslufræðinnar „með því að reyna sem mest að byrja á hinu kunna og fara frá því til hins ókunna, frá hinu verulega eða hlutkennda (*konkret*) til hins hugsaða eða óhlutkennda (*abstrakt*), frá hinu einfalda til hins samsetta eða margbrotna, frá hinu léttu til hins þunga“ (Bogi Th. Melsteð, 1888, bls. 40). Þessi kennsluáðferð sem Bogi fjallar um fyrir einni öld og aldarfjórðungi betur er grenndaraðferð. Hugmyndina greip hann ekki úr lausu lofti því hann vísar í grein eftir Boysen sem birtist í *Vor Ungdom* 1883 um aðferðir prófessorsins Listov í enskukennslu. Af þessu er ljóst að íslenskir skólamenn hafa þegar á seinni hluta 19. aldar haft ágætis hugmynd um gildi grenndaraðferðar við kennslu en löng grein eftir Ögmund Sigurðsson sem birtist í *Tímariti um uppeldi og menntamál* 1889 bendir einnig til þess.

Ögmundur Sigurðsson gagnrýnir það þulunám sem fram fer í skólum landsins sem og þær kennslubækur sem stuðst er við í landafræði. Hann telur þær byrja á öfugum enda þar sem örðugustu viðfangsefnin, svo sem lögun og afstaða hnattarins, koma fyrst fyrir. Fremur ætti „að byrja á þeim hlutum, sem í kringum þau eru í daglegu lífi, þeim hlutum, sem börnin

þekkja af eigin reynslu; þekkingin um þá verður að vera undirstöðuatriði landafræðinnar“ (Ögmundur Sigurðsson, 1889, bls. 38). Svo námið beri sem ríkulegastan ávöxt þarf kennarinn, að mati Ögmundar, að setja sig í spor barnanna og horfa á umhverfið frá þeirra sjónarhorni. Nýta þarf öll tækifæri sem bjóðast til að fá börnin til að gefa gaum að umhverfinu og fjölmörgu sem í því leynist og best er að gera það á þann hátt að umfjöllunin og fræðslan virðast tilkomnar af tilviljun einni. Þannig nám er mun líflegra og skemmtilegra en þulunám upp úr bókum og betur til þess fallið að kveikja áhuga á hinum ýmsu fyrirbærum meðal nemenda (Ögmundur Sigurðsson, 1889, bls. 38–41).

Ögmundur telur nauðsynlegt að nemendur séu komnir með þekkingu og skilning á helstu fyrirbærum í eigin umhverfi áður en farið er að kenna um landið í heild og loks um jörðina sjálfa. Hann bendir á gagnsemi uppdráttar af umhverfi skólans og grenndinni sem kennslugagna sem og þess að láta nemendur sjálfa mæla út stærðir og fjarlægðir og teikna slíka uppdrætti (Ögmundur Sigurðsson, 1889, bls. 43–49). Einnig bendir hann á kosti útikennslu (hann notar orðið skólagöngur) þar sem nemendur komast í tæri við náttúruna sjálfa og sjá með eigin augum og upplifa það sem í henni býr. Á göngu um nágrennið geta börnin orðið áskynja margs sem fer framhá flestum þeim sem ekki er kennt að horfa eftir öllu því merkilega sem daglega umlykur okkur. Slíkar vettvangsferðir með nemendum efla skilning þeirra á nærtækum viðfangsefnum og auka bæði ást þeirra og virðingu fyrir umhverfinu (Ögmundur Sigurðsson, 1889, bls. 61–64). Á svipaðan hátt lýsir Ögmundur því hvernig kenna eigi um plöntur og dýr og þar gildi einnig að „ganga frá hinu þekktu til hins óþekktu“ (Ögmundur Sigurðsson, 1889, bls. 80).

Kennslu um stjórnskipan, atvinnuvegi, viðskipti, samgöngur og menningu vill Ögmundur einnig sjá með öðrum hætti. Hann telur kennslubækur sem fyrr byrja á röngum enda og erfitt sé fyrir nemendur að botna í öllum þeim hugtökum sem koma fyrir hafi þeir ekkert til viðmiðunar. Að hans mati ættu því heimaslóðir nemenda að vera miðpunkturinn sem önnur kennsla miðast út frá (Ögmundur Sigurðsson, 1889, bls. 83–104) og ekki fyrr en „börnin hafa fengið fræðslu um hið einfalda líf og störf þess héraðs, sem þau þekkja, ætti að byrja að kenna þeim það sem fjær liggur“ (Ögmundur Sigurðsson, 1889, bls. 88).

Jóhannes Sigfússon tók saman útdrátt úr skýrslu sem franskur málvísindamaðurinn og kennarinn Paul Passy skrifaði fyrir menntamálaráðherra Frakklands. Skýrslan er um skólamál í Bandaríkjunum og birti Jóhannes útdráttinn í *Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags* 1889 undir titlinum „Um almennings-skóla í Bandaríkjunum“. Þar er gefið dæmi um hvernig kennslu er háttað á ýmsum aldurstigum í Bandaríkjunum og kemur fram að í sveitaskóla geti kennslu í landafræði verið þannig háttað að fyrst sé kennt um jörðina og áttir áður en kennt er

um heimahagana á landakorti. Kennslubók er nýtt til að kenna landafræði þar sem öllum aukaatriðum er sleppt og áherslan er á að gefa skýrt yfirlit yfir helstu atriði (Jóhannes Sigfússon, 1889, bls. 14–15). Þessi aðferð myndi seint flokkast undir grenndarkennslu en ákveðinnar mótsagnar gætir í skrifum Jóhannesar því síðar í útdrættinum greinir hann frá því að Bandaríkjamenn aðhyllist kennsluaðferðir sem fela í sér að skoða hlutina og því hefjist landafræðikennsla á því að kenna um heimahagana.

Landafræði, segir Jóhannes, er ekki skyldufag fyrstu árin en góðir skólar samþætta kennslu í faginu öðrum námsgreinum hjá yngstu nemendum. Kennslan hefst á því að kenna áttirnar, því næst er umfjöllunarefnið skólinn, sveitarfélagið og næsta nágrenni. Fjallað er um landshætti, plöntu- og dýrafræði og hugtök eru útskýrð jafnharðan og þau koma fyrir með nærtækum dæmum. Þannig „byrja [þeir] á því, sem börnunum er kunnugt, á nágrenninu, og fylgja þannig þeirri setning, að byrja skuli alla kennslu á því, sem nálægt er, kunnugt og auðvelt“ (Jóhannes Sigfússon, 1889, bls. 41). Þess er getið að þessu sé öfugt háttáð hér (í Frakklandi) þar sem landafræðikennsla hefjist á að kenna um jörðina í heild í stað þess að byrja á að kenna um það sem næst er (Jóhannes Sigfússon, 1889, bls. 40–41).

Af þessu má draga þá ályktun að þegar á seinni hluta nítjándu aldar hafi notkun grenndaraðferðar við kennslu tíðkast í Bandaríkjunum. Í sögukennslu er stuðst við svipað fyrirkomulag þar sem áherslan er fyrst og fremst á að kenna sögu og stjórnskipan þess ríkis sem skólinn er í áður en kennsla hefst á þessum þáttum í stærra samhengi. Við kennslu í náttúrufræði er lögð áhersla á að nemendur nýti sjónina til að skoða hlutina sjálfa (Jóhannes Sigfússon, 1889, bls. 42–48). Má því álykta að við kennslu þessara faga séu nýttir hlutir sem auðvelt er að nálgast í grenndinni.

Lítið grenndartengt efni er að finna í tímaritum sem gefin voru út á síðasta áratug nítjándu aldar. Tvær heimildir fundust þó sem tengja má við grenndarkennslu. Hjálmar Sigurðarson (1890, bls. 80) segir í *Tímariti um uppeldi og menntamál* fáa menn tala fyrir mikilvægi kennslugreinanna náttúrufræði, sögu og landafræði og gagnrýnir hversu lítið börn viti um eigið land þegar þau ljúki skólagöngu sinni.

Auk þess birtist í *Kennarablaðinu* 1899 gagnrýni á það hversu ólíkur háttur er á heimafræðslunni og þeirri fræðslu sem börn fá þegar komið er í skóla. Þar er komið inn á mikilvægi þess að kenna börnum fyrst um það sem fyrir augu ber og byggja upp skilning á daglegu umhverfi þeirra áður en farið er að kenna þeim það sem fjær liggur. Því er haldið fram að oftar en ekki hefjist kennslan á öfugum enda svo börnin eigi í mestu örðugleikum með að skilja það sem til umfjöllunar er og þetta valdi því að þau fái leið á náminu (Undirstaðan: I, 1899, bls. 19–21). Bent er á að erlendis tíðkist að nýta náttúruna sjálfa í stað

kennslubóka við upphaf skólagöngu barna og með því að hafa hlutinn sjálfan fyrir augum læri börnin að veita eftirtekt, kanna og skýra frá. Þess konar nám getur hvort heldur er farið fram innan veggja skólastofunnar eða úti á vettvangi (Undirstaðan: II, 1899, bls. 34–35).

### 5.1.1 Upp úr aldamótunum 1900

Nokkurra breytinga frá því sem áður var gættir í þeim greinum sem fundust í tímaritum eftir aldamótin 1900. Ekki er ritað eins mikið um grenndaraðferð en greinar sem vísa í grenndarkennslu eru algengari en áður. Ættjarðarást skipar orðið stærri sess í huga greinarhöfunda og því þarf að kafa dýpra í texta greinanna og lesa á milli línanna til að greina vísbendingar sem tengja má við grenndarkennslu.

Í *Fjallkonunni* (B. B., 1900a, bls. 2–3) er fjallað um skólamál í tengslum við ættjörðina. Í greininni er dæmt að nálgun Finna og Norðmanna á alþýðukennslu en þeir kenna börnum að elska og dá land sitt með sögum af fræknum mönnum, merkilegum viðburðum og öðru því sem stuðlað hefur að velfarnaði landsins. Þjóðlega kennslu af þessu tagi telur höfundur að skorti hér á landi, en í gegnum kennsluna er börnunum innrætt föðurlandsást sem höfundur lætur í ljósi að geti eflt vitund þjóða í sjálfstæðisbaráttu.

Framhald af ofangreindri grein birtist stuttu síðar og þar heldur höfundur því fram að innræting á ættjarðarást fyrirfinnist nánast ekki í íslenskum skólum; börnum sé ekki kennt að bera virðingu fyrir landi og þjóð. Hann telur kennara ekki leggja sig fram við að rækta það sem þjóðlegt getur talist. Auk þess bendir hann á að í gegnum tíðina hafi lærðir menn haft að háð og spotti þá sem gera þjóðlegum málefnum of hátt undir höfði (B. B., 1900b, bls. 1). Hafi höfundur rétt fyrir sér um þessi mál má velta því fyrir sér hvort slík viðhorf gegn þjóðlegum málefnum hafi bælt niður vilja til að kenna nemendum um grenndina og/eða nýta hana til uppsprettu hugmynda í kennslu.

Sama ár, það er 1900, skrifar Jens Olsen, yfirkennari í Varde í Danmörku, í *Kennarablaðið* þar sem hann gerir þjóðernistilfinningu og ættjarðarást að umræðuefni sínu. Hann telur brýnt að börn læri um heimahagana í tengslum við sögulega viðburði, hvort sem um er að ræða skráða atburði eða munnmælasögur. Með því megi glæða þessar tilfinningar hjá börnunum en fólksvalausa ættjarðarást segir hann vernda þjóðina frá glötun (Olsen, 1900, bls. 161–165).

Jóhannes L. L. Jóhannsson birtir ári síðar tillögu að frumvarpi um barnamenntun á Íslandi í *Fjallkonunni* og tekur fram að náttúrufræði skuli sérstaklega kennd með tilliti til íslenskrar náttúru. Í greininni leggur hann einnig til að í alþýðuskólum séu lesnir ákveðnir

kaflar í búnaðarfræðiriti sem hann telur geta ýtt undir ættjarðarást (Jóhannes L. L. Jóhannsson, 1901, bls. 1–2).

Einar Hjörleifsson Kvaran gerir alþýðumenntun á Íslandi að umfjöllunarefni sínu í *Tímariti Hins íslenska bókmentafélags* árið 1901 þar sem hann vitnar í og tekur undir orð ónefnds prests sem telur barnafræðslu á landinu ábótavant og fólk skorta almenna grunnþekkingu. Segir hann að þar sem almenningur þekki ekki til stjórnmála, sögu og landafræði eigin lands geti hann ekki dregið ályktanir um það sem fjær liggur. Af þessum orðum má greina að bæði Einar og viðkomandi prestur telja gæfulegra að kenna meira um það sem umlykur okkur svo hægt sé að byggja frekari þekkingu á því (Einar Hjörleifsson Kvaran, 1901, bls. 45).

Í *Fjallkonunni* er gerð grein fyrir þeirri hugmyndafræði sem danskir lýðháskólar starfa eftir og er byggð á tillögum Grundtvigs. Meginmarkmið kennslunnar er að vekja nemendur til umhugsunar um ættjörðina og fá þá til að taka eftir því sem í kringum þá er en með því að gera nemendur meðvitaða um rætur sínar og kenna þeim að meta þær er stuðlað að velfarnaði þjóðarinnar (Schröder, 1904, bls. 5–6).

### 5.1.2 Tímamótaritið *Lýðmenntun*

Hinn merki menntamaður Guðmundur Finnbogason hlaut framhaldsstyrk til að rannsaka stöðu skólamála á Íslandi eftir að hann kom utan úr tveggja ára rannsóknarferð á uppeldis- og menntamálum hinna Norðurlandanna. Árið 1903, að lokinni utanför, gaf hann út tímamótaritið *Lýðmenntun* sem fræðslurit fyrir þjóðina en á því riti og *Skýrslu um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903–1904* byggði hann lagafrumvarp um fræðslu barna. Löggin sem sett voru 1907 í kjölfar frumvarpsins voru þau fyrstu sinnar tegundar á Íslandi og marka ákveðin tímamót í skólasögu landsins.

Í umfjöllun um þetta efni er því ótækt að horfa framhjá ritinu *Lýðmenntun* sem Ólafur H. Jóhannsson kallar réttilega „gunnfána íslenskrar almenningsmenntunar“ (1994, bls. 18). Í því útskýrir Guðmundur hvað felst í hugtakinu menntun og gerir grein fyrir markmiðssetningu tíu námsgreina sem hann telur að eigi að kenna í barnaskólum fyrir alþýðu. Í ritinu *Andans arfi* fjallar Bragi Guðmundsson í grein um *Lýðmenntun* um þrjár námsgreinanna, sögu, landafræði og náttúrufræði. Þar bendir hann með réttu á að eitt af sameiginlegum einkennum skrifa Guðmundar um þessar greinar er sú hugsun hans að brýnt sé að hefja kennslu á því sem næst liggur og víkka sjóndeildarhringinn út frá því (Bragi Guðmundsson, 2005, bls. 103 og

108–110). Þessa hugsun er ekki aðeins að greina í umfjöllun um námsgreinarnar þrjár því sé bókin *Lýðmenntun* skoðuð með það í huga að finna vísbendingar um grenndaraðferð og grenndarkennslu er af nægu að taka.

Í upphafskafli bókarinnar segir Guðmundur að brýnt sé að velja viðfangsefni sem hæfi getu nemenda þar sem áhugi eflist samhliða meðvitund um eigin getu. Af þeim sökum á öll kennsla að hefjast á því sem nemendum er kunnugt og síðan skal smám saman byggja ofan á þá þekkingu. Guðmundur vitnar í ónefndan fræðimann, sem hann telur einn fremsta sálfræðing samtímans, sem heldur því fram að það sé ávísun á ríkulegan ávöxt „að líkja öllu því sem fjarlæggt er við eitthvað úr átthögunum, að skýra hið óþekkta með því að taka dæmi af því sem þekkt er, og að tengja alla fræðslu við persónulega reynslu nemandans“ (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 65). Óljóst er hvaðan Guðmundur hefur fengið þær hugmyndir sem hann setur fram í anda grenndaraðferðar í *Lýðmenntun* þar sem hann vísar ekki í nafn heimildarmannsins. Í inngangi að endurútgáfu bókarinnar frá árinu 1994 er þess þó getið að líkur eru á að þessi ónafngreindi sálfræðingur sé Bandaríkjamaðurinn William James (Ólafur H. Jóhannsson, 1994, bls. 16). Í umfjöllun um nokkrar af þeim tíu námsgreinum sem Guðmundur tekur til skoðunar má síðan glögglega greina að grenndin og landið sjálft er honum ofarlega í huga.

Í kafla um móðurmálskennslu leggur Guðmundur áherslu á það sem þjóðlegt er og börnin hafa skilning á. Lestrarbækur í móðurmálskennslu telur hann að eigi að innihalda texta sem lýsir náttúru landsins og lifnaðarháttum landsmanna en nemendur ættu að þekkja þessa þætti að einhverju leyti af eigin raun. Íslensk ævintýri, sögur og kvæði eiga einnig að fá sinn sess í lestrarbókum barna. Texti sem börn geta samsamað sig við stuðlar að áhuga barna á efninu sem verður til þess að þau efla lestrarfærni sína (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 73–75). Guðmundur leggur enn fremur áherslu á mikilvægi þess að börn skrifi stíla um efni sem þeim er kunnugt því skrifi þau um efni sem þau hafa litla þekkingu á megi allt eins fá þeim það verkefni að „flétta reipi úr sandi“ (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 75).

Ættjarðarsagan vill Guðmundur að sé höfð í öndvegi í sögukennslu enda varla rúm fyrir viðameiri sögukennslu í barnaskólum. Hún getur ekki einungis glætt ættjarðarástina heldur hjálpað börnunum að bera skyn á einkenni þjóðarinnar og samtímans. Guðmundur orðar það svo: „Nútímann verðum vér að þekkja, því kröfur hans eru til vor talaðar. Það virðist þá liggja næst að fræða æskulýðinn fyrst um nútíðarástand þjóðarinnar, um stjórn hennar, stofnanir og atvinnuvegi, því það er þó eðlilegast að þekkja fyrst hlutinn sjálfan, áður en farið er að leita skýringar á uppruna hans“ (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 81).

Kennslan á því að hefjast á því sem daglega umlykur börnin og síðan skal fikra sig smám saman að því sem fjær liggur (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 80–81).

Í kaflanum um landafræðikennslu vitnar Guðmundur í grein Ögmundar Sigurðssonar, „Um landafræðiskennslu alþýðu“, og telur hann hafa skilað efninu vel og ítarlega frá sér. Það er ekki að undra að samhljómur sé í orðum þeirra en Guðmundur telur líkt og Ögmundur að brýnast sé að öðlast fyrst skilning á eigin landi og þjóð áður en sjóndeildarhringurinn er færður utar. Kennsluna skal hefja á nærsamfélaginu, grenndinni, þar sem: „Það sem sagt er frá öðrum löndum og þjóðum verður því aðeins skiljanlegt að nemendur þekki af sjón og raun eitthvað sem hægt er að miða við“ (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 83). Á það allt í senn við menningu, lifnaðarhætti, atvinnuhætti, landslag, gróðurfar, dýralíf og mannvirki.

Þrátt fyrir að leggja áherslu á grenndina vill Guðmundur ekki láta þar við sitja heldur nýta þann skilning sem nemendur hafa á eigin áttögum og byggja ofan á hann því: „Ekkert er eins fjandsamlegt allri manndáð og framförum og það að hafa ekki hugmynd um neitt annað en þúfuna sem maður situr á, og síðina sem þar tíðkast“ (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 85). Áhersla Guðmundar er því á að byrja kennsluna á réttum enda, fara frá því sem liggur börnunum næst og gefa þeim með því forsendur til að reisa víðtækari þekkingu á síðar meir.

Líkt og í fyrrnefndum námsgreinum vill Guðmundur að hlutirnir sjálfir og það sem umlykur okkur daglega séu meginuppistaðan í náttúrufræðikennslu (sjá ramma 3). Guðmundur telur að með því að skoða áttthagana sé líklegast að áhugi nemenda kvikni á einhverju þeirra ótal náttúrulegu viðfangsefna sem í grenndinni er að finna. Þess þarf þó að gæta að velja af kostgæfni viðfangsefni sem best eru til þess fallin að efla þroska barnanna og líklegust til að koma þeim að gagni í framtíðinni (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 87–90).

3

Oss liggur nær að þekkja túngrösin en pálmaskógana, nær að þekkja húsdýr vor og fuglana sem flögra kringum bæinn en dýr og fugla sem aðeins hafast við í öðrum álfum, oss liggur nær að athuga fjallið fyrir ofan bæinn en að heyra og lesa um Himalaya, og sá sem ekki getur séð eða haft yndi af því sem næst honum er, sér varla sér til gagns það sem fjærst er (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 89).

Reikningskennslu telur Guðmundur þarfnast umbóta þar sem hún snúist aðallega um að láta nemendur reikna uppsett dæmi sem skorti allt samhengi við það hvernig stærðfræði kemur fyrir í daglegu lífi. Frekar ætti að nýta áþreifanlega hluti í kennslunni til að byrja með og kenna börnunum aðferðirnar þannig að þau skilji hvað felst í þeim. Ákjósanlegast er að dæmin tengist lífi barnanna en með því móti er líklegast að áhugi þeirra vakni á námsgreininni. Síðan má fikra sig smám saman að því að reikna með hlutum sem börnin

þekkja vel en hafa ekki við höndina og um síðir vinna með tölurnar sjálfar óháðar hlutum (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 91–94).

Í kafla um kristindómsfræðslu gagnrýnir Guðmundur það að námsbækur fyrir börn voru uppbyggðar fyrir þulunám og rökstyður að það sé röng nálgun miðað við hvernig börn þroskast. Hann segir: „Börn skilja ekki til hlítar annað en það sem þau geta séð og þreifað á eða hugsað sér í líkingu við það, sem sýnilegt er og áþreifanlegt. Og allt sem er þannig lagað, að ímyndunarafl þeirra getur ekki sett þeim það lifandi fyrir hugarsjónir, leiðist þeim fljótt“ (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 119). Hann fjallar einnig um að börn hafi ekki forsendur til þess að draga ályktanir út frá því sem þeim er ekki sýnilegt eða þau geta ekki handfjatlað. Greinilegt er að orð Guðmundar vísa til þess að réttast sé að nýta grenndaraðferð við kennslu.

Guðmundur telur kristindómsfræðslu afar mikilvægt fag en telur jafnframt að það kennslufyrirkomulag í greininni sem var við lýði á hans tíma gangi ekki upp þar sem í því er ekki tekið mið af uppeldisfræðilegum sjónarmiðum heldur eru börnin látin læra um óhlutstæðar kenningar kirkjunnar. Því til rökstuðnings vísar hann í sjálfan Jesú Krist sem er samkvæmt orðum Guðmundar „æðsta fyrirmynd allra kennara“ (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 123). Hann segir að Kristur hafi ávallt orðað kenningar sínar á þá vegu að fólk gat tengt orð hans við þá vitneskju og skilning sem það hafði fyrir en það væri grunnforsenda þess að öðlast skilning á nýjum hugmyndum. Kristur tók dæmi úr lifanda lífi fólks úr öllum stéttum þjóðfélagsins og tengdi hugmyndir sínar við hugmyndir og tilfinningar fólksins og gaf því þannig tækifæri til að laga nýjar hugmyndir að eigin þekkingargrunni (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 121–123). Af þessu má draga þá ályktun að hugmyndin um að nýta það sem fólk þekkir og skilur til að byggja nýja þekkingu ofan á sé fjarska gömul.

Lítið kemur fram í umfjöllun um aðrar námsgreinar sem tengja má beint við grenndaraðferð eða grenndarkennslu en um handavinnu skrifar Guðmundur þó að byrja skuli á því sem er auðskilið og með söng þjóðlaga telur hann að megi kveikja ættjarðarást meðal barnanna. Ábendingar um námsgreinarnar teikningu og íþróttir gefa hvorki sérstaklega til kynna kennsluáðferðir í anda grenndaraðferðar eða grenndarkennslu né aðferðir sem eru á öndverðum meiði (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 95–114).

## 5.2 Frá árinu 1907

Líkt og komið hefur fram voru lög um fræðslu barna samþykkt á Alþingi 1907 og markar sú lagasetning, ásamt lögum um stofnun kennaraskóla, ein stærstu kaflaskilin í íslenskri menntunarsögu. Því er við hæfi að láta kaflaskil hér miðast við það ártal. Með lögnum var gerð aukin krafa um þekkingu barna og samkvæmt þeim áttu fjórtán ára börn að kunna nokkuð í sögu, náttúrufræði og landafræði auk lestrar, skriftar, stærðfræði og kristinfræði (Lög um fræðslu barna nr. 57/1907). Í kjölfarið koma fram í auknum mæli greinar sem í má finna vísbendingar um grenndaraðferð og grenndarkennslu.

Reikningskennsla er umfjöllunarefni greinar Sigurbjörns Á. Gíslasonar (1907, bls. 34) en hann segir að ranglega hafi verið staðið að kennslu í stærðfræði hér á landi. Ekki eigi að kenna eintómar reglur utanbókar heldur eigi að nýta hluti sem börn geti handfjatlað eða þau þekki úr daglegu lífi. Segja má að grenndaraðferð endurspeglar í þeirri aðferð sem Sigurbjörn lýsir þar sem kennsla hefst á því sem liggur okkur næst og síðan er byggt ofan á þann skilning sem við höfum á því sem er okkur kunnugt.

Þjóðernissinnaður blær litar grein Boga Th. Melsteð, „Um æskuárin og íslenska lýðháskóla“, sem birtist í *Andvara* árið 1907 (bls. 86 og 100–101). Í henni talar Bogi fyrir verndun móðurmálsins og ættjarðarást í tengslum við stofnun lýðháskóla á Íslandi. Hann telur brýnt að koma á laggirnar hér á landi þjóðlegum lýðháskóla þar sem íslensk saga og tungumál eru í fyrirrúmi. Ári síðar segir ónefndur höfundur landsmenn leggja of litla áherslu á að kenna börnum sögu landsins og vitnar í *Skýrslu um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903–1904* eftir Guðmund Finnbogason því til stuðnings. Ástæðuna telur höfundur fram að þessu hafa verið skort á kennslubókum við hæfi en úr því hafi verið bætt með bókinni *Íslands saga* eftir Boga Th. Melsteð (Íslands saga, 1908, bls. 46).

Önnur kennslubók, *Ágrip af náttúrufræði handa barnaskólum*, kom út um svipað leyti og skrifar Bjarni Sæmundsson (1909, án síðutals) í formála að henni að hver og einn kennari þurfi að velja úr þá þætti sem tengjast umhverfi nemenda því börn eigi aðallega að læra um það sem er þeim nálægt. Jónas Jónsson frá Hriflu fjallar einnig um náttúrufræðikennslu í pistli um kvöldskóla í Reykjavík sem hann starfrækti. Hann greinir frá því að erfitt sé að kenna náttúrufræði í kvöldskóla þar sem ekki sé hægt að koma því við að skoða náttúruna sjálfa en það sé forsenda góðrar náttúrufræðikennslu (Jónas Jónsson, 1909, bls. 77).

Náttúran er í forgrunni hjá fleirum en Guðjón Baldvinsson talar um í grein í *Skólabláðinu* að ekki sé hægt að læra að elska náttúruna fyrr en maður hefur kynnst henni frá fyrstu hendi. Í greininni setur hann fram skilning sinn á skoðunum dr. Haufe, höfundar þýsku

bókarinnar *Gleðiboðskapurinn um eðlilegt uppeldi* (titill á frummáli *Das Evangelium der natürlichen Erziehung*).

Sú kennslufræðilega hugsun sem skín í gegnum orð hans (sjá ramma 4) er í takt við þá nálgun sem notast er við með grenndaraðferð, þrátt fyrir að

Þekkingin á náttúrunni og mannum verður að koma í *einni heild* og *réttri röð* inn í huga barnsins. Það verður að byrja á hinu fábrotna og enda á hinu margbrotna, byrja á hinu ólífræna og fíkra sig þaðan áfram til hins lífræna, byrja á hinu nálæga og enda á hinu fjarlægga (Guðjón Baldvinsson, 1909, bls. 74).

höfundurinn greini frá því að Haufe setji þessa aðferð fram til að „*leiða barnið gegnum náttúruna inn til guðs*“ (Guðjón Baldvinsson, 1909, bls. 74).

Í *Skólablaðinu* birtist stutt grein eftir ónafngreindan höfund um útiskóla fyrir veikfelld börn í Þýskalandi. Þar er komið inn á að það sé þekkt að kennarar fari út með nemendur á svæði þar sem útsýni er gott og heimabyggðin er nýtt til að útskýra fyrir börnunum hin ýmsu landfræðilegu fyrirbæri. Þess háttar útikennsla er sögð ómissandi svo börn séu fær um að skilja hluti sem án slíkrar kennslu eru þeim torskildir. Fram kemur að hér á Íslandi hafi sá háttur sums staðar enn verið hafður á að kenna börnum landafræði eingöngu með bókum og að slík kennsla sé gagnslaus. Að lokum er bent á að hver einasti kennari eigi að geta nýtt umhverfið til að kenna nemendum sínum um landfræðileg hugtök og að þau landfræðilegu kennileiti sem finna má í sveitinni verði síðan góð til viðmiðunar þegar kennslan víkur að því sem augað nær ekki til (Skólahald undir beru lofti úti í skógi, 1910, bls. 124–125). Steingrímur Arason (1910, bls. 119) tekur í svipaðan streng og bendir á að heimilisfólk eigi að vera duglegt við að kenna börnum um það sem í kringum þau er, nýta þau tækifæri sem bjóðast þegar börn spyrja og fræða þau um hina ýmsu hluti sem ber á góma.

„Lappar“ er yfirskrift greinar í *Skólablaðinu* um skoðanir ákveðinna Lappa, Norðmanna og Svía á mikilvægi námsgreina. Þeir telja óþarft að kenna landafræði, náttúrufræði og sögu en greinarhöfundur setur fram rök til að hrekja þessa skoðun þeirra. Í rökunum kemur fram að sérstaklega sé ástæða til að þekkja ástand heimalandsins en jafnframt dugi ekki að vita ögn um heimabyggðina og íbúa hreppsins heldur þurfi þekkingin einnig að ná til fjarlægari staða (Lappar, 1911, bls. 9–11).

Útikennsla er viðfangsefni stuttrar greinar Guðmundar Hjaltasonar (1911, bls. 87–88) þar sem hann gefur þó nokkur dæmi um útikennslu úr eigin reynslubanka. Hann talar fyrir því að útikennsla hafi góð áhrif á börn sem annars er erfitt að fá til að læra og telur slíka kennslu í hóflegu magni vera bæði holla og góða. Ekki er beinum orðum sagt að um grenndarkennslu sé að ræða en hugtakið útikennsla sem á vinsældum að fagna nú á 21. öldinni kemur þarna fram fyrir rúmlega öld síðan.

Jónas Jónsson (1911, bls. 182) lýsir einnig útikennslu í *Skólablaðinu* í greininni „Um skóla erlendis“ þar sem hann segir frá því að kennarar í Englandi fari með nemendur í leiðangra um nágrennið til að skoða og læra um það sem þar er að finna. Jónas notar þó orðið rannsóknarferðir um þetta fyrirkomulag en ljóst er að þeir Guðmundur fjalla um sömu aðferð sem felur í sér að nýta nágrenni skólans til kennslu.

Jónas gerir skóla í öðrum löndum að umfjöllunarefni sínu í fleiri tölublöðum *Skólablaðsins* og tekur næst fyrir landafræði (sjá ramma 5). Hann segir ung börn ekki móttækileg fyrir mörgu af því efni sem reynt er að fræða þau um en séu þess heldur tilbúnari til að heyra ævintýri frá fjarlægum stöðum. Því sé rétt að þrískipta landafræðikennslu. Yngstu börnin læra um sögulega landafræði í gegnum ævintýri og óþarft er að leggja meiri áherslu á heimalandið en önnur lönd. Þegar börn eru orðin nógu þroskuð til að nema almenna landafræði eru þeim fengin kort og þau læra um jarðmyndun, dýralíf, gróður og fleira. Að lokum læra þau svo um þjóðir, stjórnarhætti og lifnaðarhætti mannsins (Jónas Jónsson, 1912a, bls. 99–100). Þessi orð Jónasar um kennslu í landafræði ganga gegn þeim hugmyndum sem grenndaraðferð byggir á þar sem samkvæmt þessu er ekki lögð sérstök áhersla á að kenna um það sem næst liggur.

5

Hingað til hefur þótt vel að farið, ef börnum var kennt rækilega um áttagana og landið þeirra, og þá að síðustu meir eða minna um fjarlæg lönd, stundum aðeins Norðurálfuna. Mörg börn skilja þannig við skólann, að þeim hefur verið hlýtt nákvæmlega yfir lýsingu eigin lands þeirra, um náttúru landsins um þjóðina, menntun, atvinnuvegi og stjórnarfar. En þeim er varla nema hálflyóst um hvernig er háttað heildinni, að þetta land er hluti heillar álfu, og sú álfa eyja á sjálfum jarðarhnettinum.

Þetta fyrirkomulag er óhæfilegt af tveimur ástæðum. Fyrst og fremst verður hver maður með fullu viti að vita allvel um legu og eðli helstu landa á hnettinum. Og í öðru lagi er margt sem tekið er með landafræði svo þungt, að það skilst varla fyrr en börn eru þroskuð orðin (Jónas Jónsson, 1912a, bls. 99).

Í skrifum Jónasar um náttúrufræðikennslu kveður við annan tón en þar lýsir hann því hvernig kennarar erlendis nýta í auknum mæli náttúruna umhverfis skólana til að gefa nemendum tækifæri á að rannsaka frá fyrstu hendi það sem fyrir augu ber. Hann tekur fram að Ísland sé meðal þeirra landa sem eru aftarlega á merinni með náttúrufræðikennslu því hér hafi verið lesið um náttúruna í bókum í stað þess að nýta fyrrnefnda aðferð (Jónas Jónsson, 1912b, bls. 115–116).

Í umfjöllun um stærðfræði segir Jónas frá því að einn helsti skólamaður Hollands hafi ávallt nýtt það sem börnin þekktu og höfðu snert á til að reikna. Nemendur hans reiknuðu því dæmi með því að mæla eitthvað í skólastofunni eða í nánasta umhverfi og nýttu tölurnar í dæmi sem kennarinn skrifaði á töfluna. Einnig kemur fram að á Englandi voru gerðir

kennsluþeningar sem börn notuðu í hlutverkaleik þar sem þau líktu eftir raunverulegri verslunarferð. Með því lærðu börnin að reikna og að taka þátt í hversdagslegum athöfnum líkt og fullorðnir. Þessar aðferðir, sem báðar fela í sér að nýta það sem í kringum okkur er, telur Jónas mun betur til þess fallnar að kenna stærðfræði en sú aðferð sem tíðkast hafði hér á landi en hún einkennist af sífelldu stagli á reikningsaðferðum þar sem börnin læra utanbókar reglur og aðferðir sem þau botna lítið sem ekkert í (Jónas Jónsson, 1912c, bls. 116–118).

Auk ofangreindra námsgreina greinir Jónas frá nýrri aðferð til að kenna teikningu sem felur í sér að nýta náttúruna í kring og teikna eftir henni (Jónas Jónsson, 1912d, bls. 131–132). Í raun má segja að kennsluáðferðir allra þeirra námsgreina sem Jónas lýsir séu almennt í takt við grenndaraðferð að landafræðikennslu undanskilinni.

Sigurjón Jónsson talar fyrir því að sumrin séu nýtt til þess að kenna börnum grasafræði og fleiri námsgreinar og vill að náttúran sjálf sé nýtt til að vekja áhuga nemenda á viðfangsefninu. Hann kemur einnig inn á að stór hluti Íslendinga sé „fjarsýnn“ og á við að þeir sjái aðeins það sem er í fjarska en þekki lítið til eigin haga. Það telur Sigurjón löst því erfitt sé fyrir þjóð að ná framförum þegar fólk er fáfrótt um eigin stöðu og veit ekki hvað þarfnast úrbóta (Sigurjón Jónsson, 1913, bls. 59–61).

Í svipaðan streng tekur ónefndur höfundur lauslega þýddrar erlendrar greinar í *Skólablaðinu*. Þar er „fjarsýnum“ kennara lýst og segir í greininni að viðkomandi kennari hafi gert sveitinni hið mesta ógagn með því að innræta nemendum að grasið sé grænna hinum megin, það er að segja í ys og þys stórborganna. Áhrifin hafi orðið þau að nemendur þustu að skóla loknum burt úr sveitinni. Kennarinn sá ekkert nema það sem var víðs fjarri og kom því „ekki auga á heimahagana“ (Áhrif kennarans, 1916, bls. 13). Þrátt fyrir að þessar tvær greinar um „fjarsýna“ einstaklinga fjalli ekki um grenndarkennslu má lesa úr þeim að leggja þurfi meiri rækt og alúð við að kenna börnum um það sem næst þeim liggur.

Jónas Jónsson birtir í ritstjóratíð sinni í *Skinfaxa* greinar undir titlinum „Nýju skólarnir ensku“. Umfjöllunarefni þeirra er kennslufyrirkomulag í enskum skólum sem var frábrugðið því sem var í mörgum öðrum löndum á meginlandinu þar sem þulu- og þjálfunarnám einkenndi allt skólastarf. Hann greinir frá því hvernig náttúrufræðin var eitt meginviðfangsefni nýju skólanna, sem staðsettir voru í sveitum landsins, og farið var í vettvangsferðir þar sem nemendurnir lærðu af hlutunum sjálfum. Á sama hátt segir hann dæmi úr daglegu lífi best til þess fallin að glæða áhuga nemenda á stærðfræði (Jónas Jónsson, 1913a, bls. 15–16; 1913d, bls. 36). Jónas segir þó að ekki sé nóg að þekkja einungis eigin rann og því sé nauðsynlegt að læra erlend tungumál (Jónas Jónsson, 1913b, bls. 23). Til þess

megi nýta skólastofuna og grenndina og læra nýtt mál með því að nefna þá hluti sem fyrir augu ber (Jónas Jónsson, 1913c, bls. 30).

Í næsta árgangi af *Skinfaxa* er fjallað um ættjarðarást og hvernig það sé verkefni ungmennafélaganna að tendra hana í hjörtum meðlima félaganna. Í því skyni er bent á að auka þurfi vitneskju manna um sögu ættjarðarinnar en mikilvægast sé að fólk þekki heimalandið og hvernig öllu er þar háttað í nútímanum. Skiptir þar öllu máli að hver og einn þekki sjálfan sig og þá sem næst honum standa. Sama á við um landið, ættjarðarástin á rætur að rekja til áttthagaástarinnar og því eiga allir að læra að meta eigin nærumhverfi (S. J., 1914, bls. 87–88). Orð sem þessi styðja undir að grenndin sé nýtt til kennslu þar sem áhersla er lögð á allt sem umlykur okkur í nútíðinni og forsenda þess að læra að meta annað er að þekkja það sem liggur okkur næst, bæði okkur sjálf og heimahagana.

Eyjólfur Eyjólfsson skrifar ritdóm í *Skólablaðið* um *Reikningsbók handa alþýðuskólum* eftir Jörund Brynjólfsson og Steingrím Arason. Eyjólfur lofar bókina og telur hana bestu reikningsbók sem komið hafði út á Íslandi. Í ritdóminum tekur hann fram að höfundarnir byggji efnið upp á réttan máta með því að byrja kennslu á auðveldum viðfangsefnum og fíkra sig yfir í flóknari verkefni og segir máli sínu til stuðnings að reglan „að bera hið ókunna saman við hið kunnuga. ... hefur ómetanlegt gildi fyrir skilninginn“ (Eyjólfur Eyjólfsson, 1915, bls. 73). Heimfæra má þessi orð Eyjólfsson á grenndaraðferð þar sem nemendur nýta það sem þeir þekkja til að byggja frekari skilning ofan á. Fleiri skrifa um kennslubækur og þeirra á meðal Friðrik Hjartarson (1916, bls. 154) en í umfjöllun hans um náttúrufræðibækur í *Skólablaðinu* kemur hann inn á að kennsla í dýrafræði ætti helst að byggja á þeim dýrum sem finna má hérlendis. Það telur hann að börnin eigi auðveldara með að læra.

Grenndin á hug skólastjóra Kennaraskólans, Magnúsar Helgasonar, en í hluta af ræðu hans sem birtist í *Skólablaðinu* segir hann meðal annars um hlutverk skóla: „ætlast ég til að skólinn vekji eftirtekt þeirra á því, sem er í kringum þau kenni þeim að gefa gaum íslenskri náttúru, þeim undrum og dásemdum, sem heimahagarnir, sveitin þeirra hefir að geyma“ (Kennaraskólanum slitið: Úr ræðu skólastjóra, 1919, bls. 72).

Steingrímur Arason skrifar frá Bandaríkjunum grein í *Andvara* undir titlinum „Stjórnarbylting á skólasviðinu“ þar sem hann veltir meðal annars upp viðfangsefninu námskrágerð. Þar greinir hann frá því hversu nauðsynlegt er að taka mið af áhuga barna þegar námskrá er samin og leggur áherslu á þær breytingar sem áttu sér stað erlendis á kennsluáðferðum. Þar var óáhugaverðu þulu- og þjálfunarnámi ýtt út af borðinu og börnum fengin viðfangsefni úr umhverfinu til að glíma við af eigin raun (sjá ramma 6 á næstu síðu).

Steingrímur segir að sýnt hafi verið fram á að slíkt nám skili mun betri árangri og veiti börnunum yfirgrípsmeiri þekkingu. Því þurfi að taka mið af umhverfinu þegar námskrá er samín (Steingrímur Arason, 1919, bls. 7–12). Af þessari grein er ljóst að í Bandaríkjunum var áhersla lögð á að tengja skólann og nærsamfélagið sterkum böndum.

Greinaröðin „Um alþýðufræðslu í Svíþjóð“ eftir Helga Hjörvar birtist í *Skólablaðinu* 1920. Hann gerir að umfjöllunarefni fyrirkomulag barnafræðslu og kennaramenntunar í Svíþjóð sem hann telur standa öðrum þjóðum frammar á þessu sviði (Helgi Hjörvar,

1920a, bls. 7). Helgi greinir í stuttu máli frá tilhögun hvernar námsgreinar og í umfjöllun um fjórar þeirra, sögu, landafræði, náttúrufræði, og áttahafræði, kemur skýrt fram að grenndin var í ríkum mæli nýtt við kennslu í barnaskólum í Svíþjóð.

Sögukennsla Svía snéri fyrst og fremst að sögu eigin lands og var almennri sögu blandað inn í eftir því sem tilefni var til. Kennsla í landafræði og náttúrufræði hjá yngstu nemendum fór fram í beinum tengslum við áttahafræðikennslu. Nágrennið var nýtt til kennslu og börnin lærðu frá fyrstu hendi hin ýmsu atriði bæði landafræðinnar og náttúrufræðinnar. Um áttahafræði segir Helgi að hún sé í raun kennsluáferð frekar en námsgrein þótt að jafnaði sé talað um hana sem slíka. Hann útskýrir aðferðina sem svo: „Áttahafræði er í innsta eðli sínu það, að kennarinn leiðir athygli barnanna að því sem fyrir augun ber eða þau vita vel og þekkja af reynslu. Börnunum er kennt um umhverfi þeirra og það sem þau þekkja úr daglegu lífi“ (Helgi Hjörvar, 1920d, bls. 144). Hann gefur einnig dæmi um það hvernig fara má út með börnin í vettvangsferðir og vinna áfram með valin viðfangsefni þegar til baka í skólann er komið (Helgi Hjörvar, 1920b, bls. 36; 1920c, bls. 76–77; 1920d, bls. 144–145).

Steingrímur Arason (1920, bls. 138) tekur sem dæmi í *Skólablaðinu* að sum börn í þéttbýli þekki hvorki áttirnar né fjöllin í kring en kannist við bæði Himalaya og Alpafjöllin. Hann leggur því til að börnum á aldrinum sex til tíu ára sé kennt á sumrin svo nýta megi

Annað megingrundvallaratriði námskrárinnar er umhverfi barnsins, félagslífið, sem það lifir í. Kennararnir og námstjórinn í samvinnu verða að verja miklu námi til að kynna sér: a) heimilin, fólkið og hætti þess, b) náttúru umhverfisins, jurta- og dýralíf, fjöll, dali, sléttur, fossa, vötn og ár, d) vinnubrögð, atvinnuvegi, viðskipti, sölubúðir, banka, pósthús, verksmiðjur, samgöngur, samgöngufæri, e) listir, söfn, leikhús, kvikmyndahús, f) íþróttir, skemmtanir, g) bókmenntir allar, h) stjórn, löggjöf, löggæslu, i) hugsunarhátt, trúarlíf, þekkingu, siðferði, í) framkvæmdir til lýðheilla, framtíðarhorfur, j) sögu umhverfisins, að svo miklu leyti, sem hún kastar ljósi á nútíð þess og framtíð. Yfir höfuð allt líf umhverfisins á öllum sviðum þarf ýtarlegrar rannsóknar, því að námskráin þarf að endurspeglar það allt. Með því eina móti getur starf skólans og starf umhverfisins runnið saman í eitt, að straumar liggja úr skólanum út í lífið og úr lífinu inn í skólann (Steingrímur Arason, 1919, bls. 11).

náttúruna sjálfa til kennslu og opna augu þeirra fyrir því sem þar er að finna. Ári síðar segir Helgi Hjörvar frá því í sama tímariti að undir forystu Steingríms hafi þessari hugmynd verið ýtt úr vör og um 250 börnum í Reykjavík verið kennt um sumarið 1921 þar sem nánast daglega var farið með þau í vettvangsferðir út í náttúruna (Helgi Hjörvar, 1921, bls. 83).

Ásgeir Ásgeirsson vitnar í skýrslu Steingríms og sr. Ólafs frá Hjarðarholti um niðurstöðu rannsóknar þeirra á starfsemi Barnaskóla Reykjavíkur. Kemur meðal annars fram að þeir leggja til að sumarskóli verði starfrækur á kostnað bæjarins og börnin skyldug til að mæta í hann. Einnig benda þeir á að þörf sé á „[m]eiri útivist, kynning[*u*] við nágrennið, þekking[*u*] á þjóðlífi, framleiðslu, verslun“ þar sem „[s]kólavistin [*er*] slitin úr sambandi við lífið“ (Ásgeir Ásgeirsson, 1921a, bls. 59). Það virðist vera sú kennsluaðferð sem viðhöfð er í Svíþjóð en í grein um skólamál Svía kemur fram að í yngstu bekkjunum lögðu þeir áherslu á að börnin lærðu um heimabyggðina og með því námi var lagður grunnur að náttúru- og landafræðinámi í eldri bekkjum. Þegar í Lýðháskóla er komið var áfram lögð áhersla á að nemendur lærðu um hinar ýmsu hliðar nærsamfélagsins (Ásgeir Ásgeirsson, 1921b, bls. 118).

Steingrímur Arason heldur áfram að láta til sín taka á ritvelli menntamála og undir nafni hans birtist grein um nýja vakningu í skólamálum sem áður hafði birst í blaði í Vínarborg. Í henni greinir frá þeirri nýjung að meðal yngstu barna skólans verði framvegis engin stundarskrá. Námsgreinar eru felldar niður í núverandi mynd og í stað þeirra taka við valin viðfangsefni úr nánasta umhverfi sem unnið er með svo lengi sem athygli barnanna endist og hugur þeirra stendur til. Fram kemur að vettvangsferðir séu óhjákvæmilegur hluti námsins og til þess fallnar að glæða námið lífi (Steingrímur Arason, 1921b, bls. 34–35).

Áttahagafræði á síðan hug Steingríms í samnefndri grein þar sem hann skorar á kennarastétt landsins að skrifa í sameiningu nýja kennslubók í landafræði Íslands. Bókin sér hann fyrir sér að verði kaflaskipt eftir héruðum í stað þess að vera í líkingu við þær kennslubækur sem fyrir voru og einkenndust af eintómri upptalningu náttúrufrýrbrigða (Steingrímur Arason, 1921a, bls. 98–100). Samningu þessarar bókar telur hann brýnt verk þar sem það hefur reynst kennurum vandasamt að kenna um það „sem liggur næst og er sjálfsagðast, sem sé umhverfi barnsins“ (Steingrímur Arason, 1921a, bls. 98). Hann setur einnig fram góð og gild rök fyrir ástæðu þess að hann vill hefja landafræðikennslu á heimahögunum (sjá ramma 7 á næstu síðu). Þegar börnin hafa lært um eigin áttaha og nærsveitir má byggja ofan á þá undirstöðu og leiða kennsluna að næstu sýslum uns börnin hafa lært um allt landið.

Guðmundi Davíðssyni er einnig annt um þessi mál og hvetur hann félagi í ungmennafélögum landsins til að skrásetja heimildir um átthaga sína svo sú þekking sem samtíðarmenn hans hafa á eigin héraði tapist ekki (Guðmundur Davíðsson, 1922, bls. 33–35). Greinilegt er að ákveðin vakning á sér stað á þessum tíma varðandi mikilvægi þess að líta okkur nær og gleyma ekki því sem fyrir augu ber daglega.

Í *Skinfaxa* er grein undir titlinum Þjóðlegt uppeldi þar sem höfundur segir að hann vilji sjá ríkari áherslu á að uppeldi ungmenna landsins taki mið af staðháttum og sé byggt á þjóðlegri undirstöðu. Sérstaða Íslands er slík að það býður hættunni heim að ala börn upp eftir staðháttum annarra landa (Bogi, 1922, bls. 71–72). Bogi beinir orðum sínum ekki beint að skólum landsins en skrif sem þessi hljóta að gefa fylgjendum þess að nýta grenndina til kennslu byr undir báða vængi.

Steingrímur Arason er ekki einungis ötull við að skrifa greinar í tímarit á þessum tíma heldur gefur hann einnig út kennslubókina *Landafræði fyrir börn og unglinga* árið 1924. Í eftirmála bókarinnar segir Steingrímur: „Undirstaða landfræði-náms á hvorki að vera bók né kort, heldur eigin reynsla og skoðun. Það er hverjum manni gæfa, að augu hans séu snemma opnuð fyrir því, sem séð verður í bernsku-umhverfinu, og hugur hans opnaður fyrir sambandi orsaka og afleiðinga daglegra viðburða“ (1924, án síðutals). Ljóst er að Steingrímur er á þessum tíma einn helsti talsmaður grenndaraðferðar á Íslandi.

Ekkert námsefni er jafnsjálfsagt og átthagafræðin. Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins, og það sem hann lærir um aðra landshluta og lönd, lærir hann með tilliti til átthaganna og í samanburði við þá. Hér stendur líkt á og víða annarsstaðar, og allt þarf að byrja heima fyrir og sem allra næst barninu. Samúð og áhugi á lífi manna og háttum verður ekki byggt í lausu lofti, grundvöllinn þarf að leggja í umhverfi barnsins. Það þarf að læra að elska blettinn, sem það sér, fá áhuga á lífi þeirra, sem þar búa, og læra að virða og meta öll gagnleg störf og taka þátt í kjörum hvers einstaklings. Vanti æskumanninn þennan grundvöll, er hætt við, að samúð hans og mannást verði létt á metum, bæði með tilliti til þessa lands og annarra (Steingrímur Arason, 1921a, bls. 99).

### 5.3 Eftir setningu fræðslulaga 1926

Með nýjum fræðslulögum árið 1926 koma fram auknar kröfur um kunnáttu barna í nokkrum námsgreinum. Til að mynda kemur fram að í sögu eiga börn að gera sér grein fyrir samtíðinni og í tengslum við landafræði eiga þau að hafa kynnt sér átthagana vel. Síðasta tímabilið þar sem leitað var eftir vísbendingum í tímaritum um grenndaraðferð og grenndarkennslu markast við lagasetninguna 1926 til og með 1936 þegar ný fræðslulög tóku gildi. Þess ber að geta að

innan þessa tímaramma fékk áttahafræðin, sem kalla má forvera grenndaraðferðar og grenndarkennslu, ítarlega umfjöllun í fyrstu námskrá fyrir barnaskóla sem gefin var út á Íslandi árið 1929 (Helgi Eliasson, 1944, bls. 26–32; Lög um fræðslu barna nr. 40/1926).

Fyrstu heimildina á þessu tímabili sem vísar til grenndarkennslu er að finna í grein Jón Ófeigssonar (1926, bls. 55) í *Andvara* um skólafyrirkomulag í nokkrum löndum. Hann tekur fram að í Sviss og Þýskalandi var ættjarðarsagan uppistaðan í sögunámi barna og að nágreinnið var nýtt til kennslu í náttúru- og landafræði í mun meiri mæli en hann sjálfur vandist á sinni skólagöngu.

Í *Menntamálum* segir Ísak Jónsson frá fyrirlestri Klavs Vedel á kennaranámskeiði sem haldið var í Danmörku. Vedel talaði um kennslu án bóka í náttúrufræði í barnaskólum og vildi meina að réttast væri að kveikja áhuga nemenda á því sem finnst í náttúrunni í kringum skólann áður en náttúrufræði er numin í gegnum bækur. Vedel sagði einnig að skógarferðir væru vel til þess fallnar og taldi slíkar ferðir efla skilning barna á náttúrunni; þau fengju tækifæri til að kanna fyrirbæri af eigin raun og það væri líklegt til að vekja áhuga sem fylgir börnunum þegar heim er komið (Ísak Jónsson, 1927, bls. 70–71).

„Lýðmentun og þjóðrækni“ er yfirskrift greinar Gunnlaugs Björnssonar (1927, bls. 54) í *Skinfaxa* þar sem hann gagnrýnir hversu fátækleg kennsla var hérlendis varðandi skyldur og réttindi landsmanna og áhersla þess í stað lögð á að kenna um löngu fallna konunga erlendra ríkja. Er þetta ágætis dæmi um það hvernig þjóðleg málefni sem meðlimir ungmennafélaganna tala fyrir tengjast beint inn í skóla landsins.

Í lauslegri þýðingu á kafla um móðurmál úr enskri handbók fyrir barnakennara kemur fram að þegar börn eru látin lýsa einhverju munnlega eða skriflega er nærtækast að þau þekki viðfangsefnið úr daglegu lífi hvort sem það er eitthvað úr náttúrunni í kring, hlutur sem þau eiga, viðburður sem þau hafa orðið vitni að eða manneskja sem þau kannast við (Móðurmálskensla, 1928, bls. 123–124). Af þessum orðum má ráða að mælst var til að grenndaraðferð væri nýtt við móðurmálskennslu í enskum barnaskólum.

Í tímaritinu *Menntamál* er birt erindi sem Helgi Eliasson flutti á fundi Kennarafélags Reykjavíkur-barnaskóla um utanför þá sem hann fór í til að kynna skólamálaum Þýskalands. Í erindinu greinir hann frá því að ein meginnámsgrein yngstu barnanna þar var áttahafræði (Helgi Eliasson, 1931a, bls. 3; 1931b, bls. 30–31). Ekki var farið eftir sérstakri stundarskrá fyrstu árin og höfðu kennarar nokkurt val um námsefni. Um það skrifar Helgi: „Efni verður að velja börnunum, kunnugt, því er helst tekið það, sem þau geta sett í samband við heimili sitt og skólann. Ekki má tala um neitt, sem er skilningi barnanna ofvaxið, eða þá það, sem ekki hefir „praktíska“ þýðingu fyrir þau“ (Helgi Eliasson, 1931b, bls. 30).

Ári síðar birtist í *Menntamálum* erindi um landafræðikennslu eftir Siri Ohlson, sænska kennslukonu í Gautaborg, sem er ekki sömu skoðunar og Helgi Eliasson. Hún heldur því fram að réttara sé að byrja á því sem fjær liggur og nýta það til að vekja áhuga á því sem nálægt er. Ohlson og fleiri vilja meina „að hin forna regla um að byrja á að fræða barnið um það, sem næst því er, geti verið vafasöm, sé hún tekin of bókstaflega. Það vita og allir kennarar, að það, sem liggur næst börnum í rúmi og tíma, er ekki ávallt í næsta nágrenni í hugarheimi þeirra“ (Ohlson, 1932, bls. 113). Þrátt fyrir þessa skoðun tekur hún fram að nemendur skuli fyrst læra um heimahagana og eigið land en í stað þess að taka næst fyrir nágrannalöndin og Evrópu vill hún að þeir læri um ólík svæði víðsvegar um heiminn.

Með því að kenna næst um fjarlægari heimsálfur telur Ohlson að verið sé að fara „frá hinu einfalda til hins flóknara“ (Ohlson, 1933, bls. 55) þar sem hún telur landafræði Evrópu of örðugt viðfangsefni þó svo að hún standi börnunum nær. Ohlson segir þá sem aðhyllast hina aðferðina jafnan halda því fram að það sé bæði auðveldast og skemmtilegast að byrja á því sem liggur okkur næst og heldur áfram: „ekkert liggur öðru nær barninu en það, sem það hefir séð með eigin augum. Hin mikla villa, sem oft spillir áttahagafræðinámi, er sú, að menn halda, að ungum börnum þyki svo ákaflega gaman að öllu, sem snertir ættjörðina“ (Ohlson, 1933, bls. 54). Hún vitnar svo í Sven Lönborg orðum sínum til stuðnings (sjá ramma 8).

8

Það er hjátrú, að auðlærðara sé um land, sem liggur innan 100 km. fjarlægðar en hitt, sem liggur 1000 km. burtu, það er að segja, ef barnið hefir hvorugt séð með eigin augum. Þvert á móti er því oft þannig farið, að nota þarf hið fjarlæga til að vekja áhuga á því, sem nær liggur (Ohlson, 1933, bls. 54).

Því má segja að kennslunálgun Ohlson hefjist á grenndarkennslu, þar sem börnin læra um áttahagana, en snúist svo upp í aðferð af öndverðum meiði við grenndaraðferð þar sem nám um fjarlæga og framandi staði er nýtt til að vekja áhuga á því sem nær liggur. Ohlson endar á að staðhæfa að þeir kennarar sem gefi þessari aðferð tækifæri og reyni hana eitt skólaár muni aðhyllast hana að því loknu (Ohlson, 1932, bls. 113–114; 1933, bls. 54–55).

Sigurður Thorlacius ritar um nýskólastefnuna í *Menntamál* og greinir frá skólum dr. Decroly í Belgíu. Decroly hafði áður starfrækt skóla fyrir börn með sérþarfir og kennsluáðferðir hans þar reynst svo vel að hann stofnaði skóla fyrir öll börn, óháð þroska (Sigurður Thorlacius, 1933, bls. 77). Í skólum hans miðaði kennslan að því að „[b]arnið sjálf er miðdepill námsins“ (Sigurður Thorlacius, 1933, bls. 75) og það kannaði hina ýmsu þætti umhverfisins út frá sjálfu sér. Athyglin beindist að barninu sjálfu og unnið var út frá því og má þar af leiðandi hæglega flokka kennsluáðferð Decroly sem grenndaraðferð.

Aðalsteinn Eiríksson (1934, bls. 54–57) gagnrýnir lexíunám og bendir á að breytinga sé þörf. Hann vill að skólar fyrir börn og unglinga séu sniðnir að íslenskum staðháttum og taki mið af hverju héraði og því sem getur reynst nemendum gagnlegt í framtíðinni. Áþekkt viðhorf kemur fram í greininni „Nýtt skólalíf“ þar sem Aðalsteinn Sigmundsson (1935, bls. 50–51) talar gegn lexíunámi og mælist til þess að í stað þess sé börnum falið að kanna viðfangsefni sem tengjast lífi þeirra og þau hafa áhuga á.

L. Gottfrid Sjöholm, kennari við kennaraskólann í Gautaborg, kemur hingað til lands 1936 og heldur námskeið fyrir íslenska kennara. Af því tilefni tekur Sigurður Thorlacius viðtal við hann sem er birt í *Menntamálum* sama ár en umræðuefni þeirra er meðal annars skólamál í Svíþjóð. Sjöholm greinir frá því að greinin áttthagafræði, og það hvernig hún er kennd börnunum á áþreifanlegan hátt, hafi sannað gildi sitt og sé orðin uppistaða skólastarfs í barnaskólum landsins. Þessi þjóðlega þróun á skólastarfinu fékk byr undir báða vængi með áhrifum nýskólahreyfingarinnar frá Englandi og Bandaríkjunum en hann segir þó að í Svíþjóð hafi þetta gerst smám saman en ekki með einni byltingu líkt og í Þýskalandi og fleiri löndum (Sigurður Thorlacius, 1936, bls. 110–115).

Í *Menntamálum* er sagt frá nýjum bókum og er þar getið tveggja bóka sem eru hvoru tveggja í senn lestrar- og áttthagafræðikennslubækur eftir hinn sænska Sjöholm í íslenskri þýðingu Ísaks Jónssonar. Báðar eru þær sagðar vera ágætis bækur (Bækur: L. G. Sjöholm: Andri litli á sumarferðalagi, 1936, bls. 236). Þegar þær eru skoðaðar nánar (Sjöholm, 1935; 1936) reynast þær báðar fjalla um sænskt umhverfi og að mati höfundar þessarar ritgerðar ekki vel til þess fallnar að kenna íslenskum börnum áttthagafræði.

Umfjöllun um fleiri bækur er að finna á síðum tímarita frá þessu tímabili og lýsir Pálmi Jósefsson (1936, bls. 72–73) ánægju sinni yfir því að Árni Friðriksson skuli hafa haft íslenskar dýramyndir í öndvegi í þá nýútkominni bók sinni *Dýramyndir handa skólum: I. Hryggdýr*. Pálmi telur sjálfsagt að börn læri umfram allt um þau dýr sem er að finna í heimalandinu og sé þess ekki kostur að skoða þau með berum augum séu myndir mikið þarfaping.

Danskur kennari sem er á Íslandi í kennaraskiptum, Jens Möller, skrifar grein í *Menntamál* 1936 þar sem hann stiklar á stóru um fræðslumál Dana og segir frá kennslufyrirkomulagi í nýlegum tilraunabarnaskóla í Danmörku sem hann kennir við. Möller lýsir þessari nýju tegund barnaskóla þar sem áhersla er lögð á nám sem býr börn undir hið dagslega líf í stað þess að einblína á bækur. Námið er sett upp með þá nemendur í huga sem búa frekar yfir verklegum hæfileikum en bóklegum gáfum. Hornsteinn námsins er lagður með lærdómi um landafræði og sögu áttthaganna. Út frá þeim grunni læra börnin um staði sem eru

þeim fjær í tíma og rúmi. Möller gefur svo dæmi um hvernig nálgast megi viðfangsefnið fiskveiðar og loftslag með þessari aðferð. Í stað þess að skipta um viðfangsefni í hvert sinn sem skólaljallan glymur líkt og tíðkast í hefðbundnum skólum vinna börnin að hverju verkefni þar til því hafa verið gerð góð skil, hvort sem það tekur nokkra daga eða vikur (Möller, 1936, bls. 206–215).

Ásgeir Ásgeirsson beinir orðum sínum til unglunga sem setjast innan tíðar á skólabekk og gefur þeim hagnýt ráð. Hann útskýrir hvað felst í námi og kemst svo að orði: „Nám er það, að kynnast mörgu og gerast heimakominn í þessum heimi, sem við lifum í og þá einkum handgenginn þeim staðreyndum, sem standa okkur næstar“ (1936, bls. 136). Þessi orð má túlka sem svo að það sé okkur mikilvægast að þekkja það sem er okkur næst enda segir Ásgeir síðar: „Það, sem þið lærið nýtt skilst aðeins við samanburð á því við það, sem þið þekkið áður“ (1936, bls. 137).

Með orðum Ásgeirs lýkur þessum kafla en af þeim má draga þá ályktun að réttast sé að byrja kennslu á viðfangsefnum á heimaslóð því nærtækast er að nýta það sem daglega ber fyrir augu sem undirstöðu nýrrar þekkingar.

## 6. Umræða

Líkt og greint hefur verið frá var markmið rannsóknarinnar fyrst og fremst að kanna hvort þeir menn sem lögðu grunninn að núverandi skólaskipulagi hér á landi höfðu einhverjar hugmyndir um grenndaraðferð og/eða grenndarkennslu og, ef svo var, hverjar þessar hugmyndir voru og hvernig þær birtust í tímaritum á árunum 1880–1936. Höfundur renndi blint í sjóinn þegar ráðist var í heimildaleit og óljóst var með öllu hvort einhverjar heimildir myndu finnast. Fljótlega kom þó í ljós að menn höfðu þegar fyrir um öld síðan talsverðar hugmyndir um ágæti þess að nýta grenndina við kennslu og hefur í fyrri köflum verið greint frá þeim heimildum sem fundust. Ýmsar ályktanir má draga út frá þeim og fer það allt eftir því frá hvaða sjónarhorni þær eru skoðaðar hvað ráða má úr þeim. Í sjálfu sér var það ekki markmið rannsóknarinnar að draga ályktanir út frá heimildunum en sjálfsagt er að velta vöngum yfir nokkrum atriðum.

### 6.1 Fjöldi greina

Hér er nærtækast að skoða heimildirnar fyrst út frá þeirri kaflaskiptingu sem valin var, það er á grunni lagasetninga um fræðslu barna. Sé eingöngu horft í fjölda greina sem fundust í þeim tímaritum sem voru til skoðunar má greina nokkurn mun. Þar sem þau þrjú megingímabil sem marka kaflaskiptingu ritgerðarinnar spanna mismilangan tíma var fjölda greina deilt í árafjölda hvers tímabils. Með því má sjá að á fyrsta tímabilinu, frá 1880–1906, komu að meðaltali út 0,65 greinar á ári. Frá 1907 til 1925 varð þreföldun í skrifum um viðfangsefnið en frá þeim tíma fundust að meðaltali 1,95 greinar frá hverju ári. Á síðasta og stysta tímabilinu, 1926–1936, fækkaði þeim aðeins en þá komu að jafnaði út 1,45 greinar árlega.

Ekki er hægt að segja með vissu hvort lagasetningar um fræðslumál hafi verið ástæða fyrir breytilegum fjölda greina um grenndaraðferð og/eða grenndarkennslu. Útgáfa menntatímarita getur allt eins hafa verið áhrifavaldur en áberandi færri heimildir fundust frá þeim árum er engin slík tímarit komu út. Hafa ber í huga að þau tímarit sem valin voru til heimildaöflunar eru langt því frá að vera tæmandi heimild fyrir valið tímabil en þau gefa engu að síður vísbendingu um hugmyndir manna um viðfangsefnið á þessum tíma.

## 6.2 Áherslubreytingar

Sé litið á þær áherslubreytingar sem verða frá upphafi til loka þess tímabils sem hér er til skoðunar sést að ekki er ýkja mikill munur á inntaki greinanna utan þess hvaða námsgreinar fjallað er um, en að því verður vikið síðar. Ákveðnar umbótahugmyndir á sviði uppeldis- og menntamála má greina í skrifum nokkurra skólamanna strax fyrir aldamót nítjándu og tuttugustu alda. Þessar hugmyndir fela meðal annars í sér að miða námið út frá þroska og áhuga barnsins ásamt því að tvína námið við umhverfi skólans. Kennslufræðileg hugsjón einkennir þannig fyrstu heimildirnar sem fundust á því tímasteiði sem hér var rannsakað.

Upp úr aldamótunum 1900 kennir svo örlítilla breytinga í tímaritsgreinum þar sem ríkari áhersla er lögð á það sem þjóðlegt er og kennarar hvattir til þess að stuðla að því að nemendur læri um eigið land og að elska ættjörðina. Slík kennsla er samkvæmt greinarhöfundum talin auka velfarnað þjóðarinnar. Vafalaust má að hluta til rekja þessa breytingu til þess að ekkert menntatímarit kom út á fyrstu árum tuttugustu aldar og skrif manna þar af leiðandi frekar á almennum nótum. Einnig má geta sér þess til að sjálfstæðisbarátta Íslendinga kraumi undir niðri enda fylgja nýrri öld oft háleit markmið. Þær greinar sem eru litaðar af þjóðerniskennd og fjalla um ættjarðarást birtust allar í tímaritum sem hér eru ekki flokkuð sem menntatímarit, einkum og sér í lagi í *Skinfaxa*, tímariti ungmennafélaganna. Frá því að ungmennafélög spruttu upp um land allt eftir 1907 fléttuðust þjóðernisleg stefnumál þeirra og skólatengd málefni að nokkru leyti saman enda tengdust ófáir skólamenn ungmennafélagunum sterkum böndum. Dugir þar að nefna Jónas Jónsson frá Hríflu sem skrifaði stóran hluta greinanna sem fundust frá þessum árum.

Allt frá 1907, þegar ný fræðslulög voru sett og byrjað var að gefa út *Skólablaðið*, og fram undir lok tímabilsins 1936 fóru greinar í auknum mæli að ýta undir að grenndaraðferð væri nýtt við kennslu. Á sama tíma fundust jafnframt fáeinar greinar sem í má skynja áherslu á ættjarðarást en meginuppistaðan að baki skrifa höfundar eru líkt og undir lok nítjándu aldar uppeldisfræðileg sjónarmið.

Heilt yfir eru áherslubreytingar í raun ekki miklar. Rök greinarhöfunda eru áþekkt, flestir vísa í það sem þeir höfðu kynnst í skólum erlendis og þeir segja uppeldisfræðileg rök liggja að baki því að réttara sé að byrja kennslu á því sem stendur börnum næst. Náms tekur mið af nærumhverfinu sé líklegra en annað til að kenna börnum bæði að veita hlutum eftirtekt og skýra frá þeim. Erfitt sé fyrir börn að skilja það sem þau hafa hvorki heyrt um né séð. Auk þess virðist áhugi barna vera lykilatriði hjá mörgum höfundum þegar þeir rökstyðja kosti grenndaraðferðar og/eða grenndarkennslu og segja þeir slíka kennslu líklegri til að vekja

áhuga barna á náminu. Því eru þó ekki allir greinarhöfundar sammála en tvær heimildir fundust þar sem höfundar töluðu gegn grenndaraðferð og fjölluðu báðar greinarnar um landafræðikennslu. Önnur er frá 1911 eftir Jónas Jónsson frá Hriflu og hin frá 1932–1933 eftir sænsku kennslukonuna Siri Ohlson. Í stað þess að byrja á því sem næst liggur telja þau bæði réttara að nýta frásagnir frá fjarlægum og framandi stöðum til að vekja áhuga barna á landafræði.

### 6.3 Tenging við námsgreinar

Þegar litið hefur verið á þær litlu áherslubreytingar sem greina mátti er ekki úr vegi að skoða aðra áherslupætti. Ástæða er til að fjalla um við hvaða námsgreinar höfundar tengdu helst umfjöllun sína um grenndarkennslu og/eða grenndaraðferð. Á fyrsta tímabilinu sem hér var til umfjöllunar, frá 1880–1906, var samkvæmt lögum (nr. 2/1880) aðeins skylt að kenna börnum skrift og reikning auk lesturs og kristinfræði. Í tímaritum frá þessum árum birtust samt sem áður mjög greinargóð skrif um kennslu í sögu, landafræði og náttúrufræði þar sem nánasta umhverfi var nýtt og farið var frá hinu nálæga til hins fjarlæga, frá því kunna til hins ókunna.

Á þessu 26 ára tímabili fann höfundur alls fimm umfjallanir sem tengja má beint við hverja þessara námsgreina en ítarlegustu skrifin snéru að landafræði. Til að mynda skrifaði Ögmundur Sigurðsson langa og skilmerkilega grein um landafræðikennslu og má geta sér þess til að þar spili að einhverju leyti inn tengsl hans við náttúrufræðinginn Þorvald Thoroddsen sem kenndi honum við Möðruvallaskóla (Eggert Lárusson og Meyvant Þórólfsson, 2010, bls. 2). Á þessu tímabili kom einnig út *Lýðmenntun*, rit Guðmundar Finnbogasonar, en í því gerir hann rækilega grein fyrir tíu námsgreinum og hvernig farsælast sé að haga kennslu í þeim. Umfjöllun meirihluta þessara greina má tengja við grenndaraðferð.

Höfundur telur athyglisvert hversu ríka áherslu þessir skólamenn lögðu á námsgreinar sem ekki var skylda að kenna. Vafalaust er hægt að finna og setja fram ýmiskonar skýringar á því hver ástæðan var fyrir þessum skrifum. Líklega hefur þó haft mest að segja að árið 1889 batt Alþingi þá skilmála við styrkveitingar til barnaskóla í þéttbýli að í þeim væri kennd landafræði og náttúrufræði (Auglýsing um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnaskóla nr. 116/1889). Óháð því hver hvatinn að skrifunum var telur höfundur að með þeim hafi greinarhöfundar opnað augu kennara fyrir kostum þess að nýta grenndina við kennslu. Mögulega hafa þeir með því greitt leiðina fyrir því að fleiri námsgreinar voru gerðar að skyldufögum þegar fyrstu lög um fræðslu barna voru sett.

Líkt og greint hefur verið frá var með lagasetningunni 1907 gerð aukin krafa um þekkingu barna og við bættist að þau þurftu að kunna dálítið í sögu, náttúrufræði og landafræði (Lög um fræðslu barna nr. 57/1907). Sé miðað við fyrsta tímabilið tók fjöldi greina sem fjalla um grenndaraðferð og/eða grenndarkennslu í tengslum við þessar námsgreinar kipp upp á við í tímaritum frá 1907–1925. Að vísu er það að sögu undanskilinni en saga var til umfjöllunar í fjórum greinum á þessu tímabili en fram að 1907 höfðu fimm heimildir birst um sögukennslu. Landafræði kom fyrir í sjö skipti í stað fimm áður og náttúrufræði í heil ellefu skipti í stað fimm. Hér þarf að taka tillit til þess að umrætt tímabil spannar sjö árum skemmra tímabil og aukningin er því umtalsverð. Kennslufræði reiknings var mönnum líka hagleikin á þessu tímasteiði því alls fundust fjórar greinar, í stað einnar áður, um hversu brýnt það væri að stærðfræðidæmi tækju mið af því sem væri börnunum kunnugt. Hugtakið áttahagafræði bættist síðan við orðaforða landsmanna á þriðja áratug síðustu aldar og frá og með þeim tíma var nám í þessum námsgreinum í auknum mæli tengt við þau fræði.

Ljóst er að náttúra Íslands, landið sjálft og saga þess voru ofarlega í huga greinarhöfunda á fyrsta fjórðungi tuttugustu aldar en í heimildum frá þessum tíma mátti einnig greina áherslu á það sem þjóðlegt er og að innræta börnum ættjarðarást. Margir þættir geta hafa haft áhrif á hvers vegna þessi fög voru skólamönnum hagleikin í tengslum við grenndarkennslu og grenndaraðferð. Höfundur telur að sjálfstæðisbarátta Íslendinga hafi mögulega að einhverju leyti ýtt undir áherslu á náttúrufræði, landafræði og sögu en ekki er gott að segja hvort hafi haft meiri áhrif á fjölgun greina um þessi fög, lagasetningin eða baráttan fyrir sjálfstæði. Greinarhöfundar voru flestir lærðir kennarar og því verður hér dregin sú ályktun að kennslufræðilegar forsendur hafi legið að baki skrifum þeirra.

Hlutfallslega, miðað við árafjölda, fækkaði heimildum um grenndaraðferð og grenndarkennslu í tengslum við þessar námsgreinar lítillega á síðasta tímabilinu, það er frá 1926–1936. Tvær greinar fjölluðu um sögu, þrjár um landafræði og þrjár um náttúrufræði. Höfundur telur það sérstakt í ljósi þess að með fræðslulögum sem voru sett árið 1926 (nr. 40/1926) var gerð aukin krafa um kunnáttu barna að lokinni skólagöngu sem fól meðal annars í sér að þau áttu að þekkja nokkuð til áttaganna. Að vísu birtust fjórar greinar sem fjölluðu um áttahagafræði en út frá kröfu um kennslu í greininni hefði mátt álykta að fleiri skólamenn legðu fram tillögur að kennsluaðferðum. Þar sem valin rit eru ekki tæmandi heimild fyrir umrætt tímabil getur þó verið að umræða um þessi mál hafi farið fram í öðrum miðlum.

Ljóst er að umfjöllun um grenndarkennslu og grenndaraðferð snéri að mestu leyti að fyrrnefndum námsgreinum; landafræði, náttúrufræði, sögu og loks áttahagafræði. Fáeinir

greinar fundust þar sem tengja mátti við grenndaraðferð um önnur fög, sérstaklega við kennslu móðurmáls og teikningar. Þær voru þó aldrei fleiri en ein til tvær á hverju tímabili.

#### 6.4 Tengsl helstu talsmanna

Annað atriði sem vert er að skoða eru tengsl þeirra skólamanna sem voru helstu talsmenn þess að nýta grenndina við kennslu. Líkt og sjá má í stuttu ágripum um helstu höfunda (sjá fylgiskjal 3) voru þeir menn sem skrifuðu greinar um grenndaraðferð eða grenndarkennslu nánast undantekningarlaust kennarar. Flestir luku stúdentsprófi og síðar kennaraprófi eða annarri menntun. Þeir sem skrifa hve mest eða ítarlegustu greinarnar um viðfangsefnið eiga það sameiginlegt að hafa kynnt sér tilhögun skólamála erlendis og/eða stundað nám við erlenda skóla. Þeir höfundar sem hér um ræðir eru Ögmundur Sigurðsson, Jóhannes Sigfússon, Guðmundur Finnbogason, Jónas Jónsson, Steingrímur Arason og Helgi Hjörvar. Að Guðmundi Finnbogasyni undanskildum eiga þessir menn það einnig sameiginlegt að hafa ritstýrt einhverju þeirra tímarita sem hér voru til skoðunar og verið kennarar við kennaramenntastofnanir, Flensborgarskóla eða Kennaraskólann.

Séu innbyrðis tengsl þeirra skoðuð kemur í ljós að Ögmundur Sigurðsson og Jóhannes Sigfússon stóðu þétt við hlið Jóns Þórarinssonar við að koma kennarafræðslu á við Flensborgarskóla auk þess sem þeir þremmenningar settu á laggirnar og ritstýrðu fyrsta menntatímariti Íslendinga, *Tímariti um uppeldi og menntamál*. Við kennaradeild Flensborgarskóla stundaði Steingrímur Arason nám og naut kennslu Ögmundar. Báðir lögðu þeir stund á háskólanám í Bandaríkjunum, þó á ólíkum tíma, og samkvæmt Kristínu Indriðadóttur (1995, bls. 9) eru þeir tveir einna fyrstir íslenskra manna til að kynna skólahugmyndir þaðan fyrir Íslendingum.

Steingrímur starfaði með Helga Hjörvar þegar þeir sátu í ritstjórn *Skólablaðsins* ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni. Steingrímur og Helgi voru síðan báðir meðal hátt í þrjátíu kennara sem settir voru sem námsstjórar víðs vegar um landið snemma á þriðja áratugnum (Loftur Guttormsson, 2008c, bls. 115). Steingrími hefur sennilega ekki verið hlýtt til Jónasar Jónssonar sem, gegn meðmælum skólanefndarmanna, gekk framhjá honum við ráðningu skólalastjóra við nýstofnaðan Austurbæjarskóla (Loftur Guttormsson, 2008d, bls. 220). Jónas var þó ekki vinalaus en í ævisögu Guðmundar Finnbogasonar, *Frá sál til sálar*, kemur fram að hann og Jónas hafi verið góðkunningjar og Jónas hafi meðal annars beitt sér á þingi fyrir því að Guðmundur héldi stöðu sinni sem prófessor við Háskóla Íslands. Guðmundur Finnbogason hefur einnig þekkt til Jóhannesar Sigfússonar en með honum og Þórhalli

Bjarnasyni skrifaði hann *Lesbók handa börnum og unglíngum* (Jörgen L. Pind, 2006, bls. 204, 299 og 393).

Efalaust má finna ótal fleiri tengingar á milli þessara manna en hér verður ekki kafað dýpra í þær þar sem þegar er greinilegt að leiðir mannanna skarast töluvert. Má gefa sér það að þeir hafi flestir að einhverju leyti haft áhrif á hugmyndir hver annars, hvort heldur það hefur verið í gegnum samstarf, með skrifum um viðfangsefnið eða með öðrum hætti.

## 7. Lokaorð

Í verki þessu var lagt upp með að rannsaka hvort þeir menn sem lögðu grunninn að núverandi skólaskipulagi hér á landi höfðu einhverjar hugmyndir um grenndaraðferð og/eða grenndarkennslu og, ef svo var, hverjar þessar hugmyndir voru og hvernig þær birtust í tímaritum á árunum 1880–1936. Þegar litið er yfir þær heimildir sem fundust má sjá að það er engin nýlunda að nýta það sem liggur okkur næst til kennslu. Þegar fyrir um öld síðan hafa framsæknir íslenskir skólamenn verið ötulir við að kynna ungri kennarastétt landsins ágæti þess að ganga frá hinu einfalda til hins flókna, frá hinu nálæga til hins fjarlæga.

Þrátt fyrir að þjóðerniskennd og áhersla á ættjarðarást hafi litað sum greinarskrif þótti höfundur ánægjulegt að sjá hversu algengt það var að greinarhöfundar rökstyddu kosti þess að notast við grenndarkennslu og grenndaraðferð með vísun í uppeldisfræðileg sjónarmið. Fróðlegt væri að rekja nánar hvaðan þeir fengu hugmyndir sínar og hvort og þá hvernig skrif þeirra skiluðu sér inn í skólastarf samtímans hverju sinni. Hér gafst hvorki tími né rúm til slíkra rannsókna en ef til vill verður þessi rannsókn kveikja að slíkri vinnu síðar meir.

Líkt og greint var frá í upphafi veit höfundur ekki til þess að ráðist hafi verið í rannsókn sem þessa áður og því er það von höfundar að með þessari rannsókn hafi tekist að draga fram í dagsljósið heimildir sem varpa ljósi á hugmyndir þeirra íslensku skólamanna sem lögðu grunninn að því skólasamfélagi sem við búum við í nútímanum um grenndaraðferð og grenndarkennslu. Hér er þó ástæða til að taka það aftur fram að valdar heimildir eru ekki tæmandi fyrir umrætt tímabil og enn er af nægu að taka.

## Heimildaskrá

- Aðalsteinn Eiríksson. (1934). Gagnfræðaskólinn á Ísafirði. *Skinfaxi*, 25(1), 54–62.
- Aðalsteinn Sigmundsson. (1935). Nýtt skólalíf. *Menntamál*, 8(1), 46–53.
- Alpýðumentun: II. (1886). *Fjallkonan*, 3(13), 49–50.
- Auglýsing um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnaskóla* nr. 116/1889.
- Áhrif kennarans. (1916). *Skólablaðið*, 10(1), 12–14 („lauslega þýtt úr erlendu blaði“).
- Ásgeir Ásgeirsson. (1921a). Skólar: Barnaskóli Reykjavíkur. *Skólablaðið*, 13(5), 58–59.
- Ásgeir Ásgeirsson. (1921b). Útlönd: Skólamál Svía síðasta áratuginn. *Skólablaðið*, 13(10), 118–119.
- Ásgeir Ásgeirsson. (1924). Ávarp. *Mentamál*, 1(1), 1–2.
- Ásgeir Ásgeirsson. (1926). Nýju skólarnir. *Mentamál*, 3(1), 1–4.
- Ásgeir Ásgeirsson. (1936). Skólinn byrjar. *Menntamál*, 9(2), 129–138.
- Ásgeir Ásgeirsson, Helgi Hjörvar og Steingrímur Arason. (1922). Til lesenda blaðsins. *Skólablaðið*, 14(1), 12.
- B. B. (1900a). Ættjörðin og skólarnir: I. *Fjallkonan*, 17(6), 2–3.
- B. B. (1900b). Ættjörðin og skólarnir: II. *Fjallkonan*, 17(7), 1.
- Bjarni Sæmundsson. (1909). *Ágrip af náttúrufræði handa barnaskólum* (4. útgáfa).  
Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.
- Bogi. (1922). Þjóðlegt uppeldi. *Skinfaxi*, 13(9), 71–72.
- Bogi Th. Melsteð. (1888). *Um menningarskóla eða um „lærða skólann“ í Reykjavík og samband hinna lægri skóla við hann*. Kaupmannahöfn: Gefið út af nokkrum Íslendingum.
- Bogi Th. Melsteð. (1907). Um æskuárin og íslenzkan lýðháskóla. *Andvari*, 32(1), 75–104.
- Bragi Guðmundsson. (2000). Grenndarfræði. Í Bragi Guðmundsson (ritstjóri), *Líf í Eyjafirði* (bls. 17–58). Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

- Bragi Guðmundsson. (2005). Túngrös og pálmaskógar – Saga, landafræði og náttúrufræði. Í Trausti Þorsteinsson og Bragi Guðmundsson (ritstjórar), *Andans arfur* (bls. 101–117). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Bækur: L. G. Sjöholm: Andri litli á sumarferðalagi. (1936). *Menntamál*, 9(3), 236.
- Eggert Lárusson og Meyvant Þórólfsson. (2010). Stjórnarbylting á skólasviðinu: Um kennslufræði Ögmundar Sigurðssonar. *Ráðstefnurit Netlu*. Sótt 26. júlí 2012 af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/008.pdf>.
- Einar Ásmundsson. (1871). *Um framfarir Íslands*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Einar Hjörleifsson Kvaran. (1901). Alþýðumentun hér á landi. *Tímarit Hins íslenska bókmentafélags*, 22(1), 36–63.
- Eyjólfur Eyjólfsson. (1915). Reikningsbók Jörundar Brynjólfssonar og Steingr. Arasonar [ritdómur]. *Skólablaðið*, 9(5), 69–73.
- Friðrik Hjartarson. (1916). Um kenslubækur o.fl. *Skólablaðið*, 10(10), 151–155.
- Guðjón Baldvinsson. (1909). Dr. Haufe: Gleðiboðskapurinn um eðlilegt uppeldi. *Skólablaðið*, 3(19–20), 73–74.
- Guðmundur Davíðsson. (1922). Átthagarnir. *Skinfaxi*, 13(5), 33–35.
- Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun: Hugleiðingar og tillögur* (2. útgáfa). Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu 1. Ritstjóri Loftur Guttormsson. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Guðmundur Hjaltason. (1911). Smágreinar um uppeldi: VIII: Kennsla undir berum himni. *Skólablaðið*, 5(6), 87–88.
- Gunnar M. Magnúss. (1939). *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi: Hátíðarit S.Í.B.* Reykjavík: Samband íslenskra barnakennara.
- Gunnlaugur Björnsson. (1927). Lýðmentun og þjóðrækni. *Skinfaxi*, 18(2), 52–59.
- Hallgrímur Jónsson. (1917). Ávarp. *Vörður*, 1(1), 1–2.

- Helgi Eliasson. (1931a). Úr utanför. *Menntamál*, 5(1), 3–11.
- Helgi Eliasson. (1931b). Úr utanför. *Menntamál*, 5(2), 27–31.
- Helgi Eliasson. (1944). *Lög og reglur um skóla- og menningarmál á Íslandi sem í gildi eru í marzlok 1944*. Reykjavík: Fræðslumálastjórnin.
- Helgi Hjörvar. (1920a). Um alþýðufræðslu í Svíþjóð. *Skólablaðið*, 12(1), 7–11.
- Helgi Hjörvar. (1920b). Um alþýðufræðslu í Svíþjóð. *Skólablaðið*, 12(3), 33–37.
- Helgi Hjörvar. (1920c). Um alþýðufræðslu í Svíþjóð. *Skólablaðið*, 12(6), 76–82.
- Helgi Hjörvar. (1920d). Um alþýðufræðslu í Svíþjóð. *Skólablaðið*, 12(11), 144–148.
- Helgi Hjörvar. (1921). Skólar: Sumarskóli. *Skólablaðið*, 13(7), 83.
- Hjálmar Sigurðarson. (1890). Um menntun og uppeldi barna. *Tímarit um uppeldi og menntamál*, 3(1), 59–86.
- Ísak Jónsson. (1927). Kennaranámsskeið á Krabbesholm: Námskeið um skólanýjungar. *Mentamál*, 3(4–5), 64–80.
- Íslands saga. (1908). *Skólablaðið*, 2(4–5), 46.
- Jóhannes L. L. Jóhannsson. (1901). Mentunarmál. *Fjallkonan*, 18(20), 1–2.
- Jóhannes Sigfússon. (1889). Um almenningsskóla í Bandaríkjunum. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 10(1), 1–69.
- Jón Ófeigsson. (1926). Um skólafyrirkomulag í nokkrum löndum: Kafli úr skýrslu til ríkisstjórnarinnar, lítið eitt aukinn. *Andvari*, 51(1), 27–72.
- Jónas Jónsson. (1883). IV. Menntun. *Frjettir frá Íslandi 1881 og 1882*, 9(2), 30–42.
- Jónas Jónsson. (1909). Kvöldskólinn í Grettisgötu 2. *Skólablaðið*, 3(19–20), 77.
- Jónas Jónsson. (1911). Um skóla erlendis. *Skólablaðið*, 5(12), 180–182.
- Jónas Jónsson. (1912a). Skólar erlendis: V: Landfræði. *Skólablaðið*, 6(7), 99–100.
- Jónas Jónsson. (1912b). Skólar erlendis: VI: Náttúrufræði. *Skólablaðið*, 6(8), 115–116.

- Jónas Jónsson. (1912c). Skólar erlendis: VII: Reikningur. *Skólablaðið*, 6(8), 116–118.
- Jónas Jónsson. (1912d). Skólar erlendis: VII: Teikning. *Skólablaðið*, 6(9), 131–133.
- Jónas Jónsson. (1913a). Nýu skólarnir ensku: VI. *Skinfaxi*, 4(2), 15–16.
- Jónas Jónsson. (1913b). Nýu skólarnir ensku: VII. *Skinfaxi*, 4(3), 23–24.
- Jónas Jónsson. (1913c). Nýu skólarnir ensku: VIII. *Skinfaxi*, 4(4), 30.
- Jónas Jónsson. (1913d). Nýu skólarnir ensku: VIII. *Skinfaxi*, 4(5), 36–38.
- Jörgen L. Pind. (2006). *Frá sál til sálar: Ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kennarafjelagið tvítugt. (1909). *Skólablaðið*, 3(8–9), 29–31.
- Kennaraskólanum slitið: Úr ræðu skólastjóra. (1919). *Skólablaðið*, 11(5), 68–73.
- Kristín Indriðadóttir. (1995). Hugmyndir Steingríms Arasonar um kennslu og skólastarf: Uppruni og afdrif. *Uppeldi og menntun*, 4(1), 9–33.
- Lappar. (1911). *Skólablaðið*, 5(1), 9–11.
- Loftur Guttormsson. (2008a). Barnakennarar: starfskjör, menntun og staða. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 126–141). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008b). Heimili og skóli. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 284–298). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008c). Lagagrunnur og framkvæmdir 1926–1945. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 108–123). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008d). Náms- og kennsluhættir. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 212–226). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Loftur Guttormsson. (2008e). Sjálfsprottnir skólar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 56–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008f). Þjóðfélagsbreytingar og menntamál. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 38–53). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lög um fræðslu barna* nr. 59/1907.
- Lög um fræðslu barna* nr. 40/1926.
- Lög um fræðslu barna* nr. 94/1936.
- Lög um uppfærðing barna í skript og reikningi* nr. 2/1880.
- Móðurmálskensla. (1928). *Menntamál*, 4(7–8), 97–126 („lauslega þýtt úr enskri bók“).
- Möller, J. (1936). Den praktiske Mellemsskole. *Menntamál*, 9(3), 206–215.
- Ohlson, S. (1932). Landfræðikennsla (G.G. þýddi). *Menntamál*, 6(7), 113–117.
- Ohlson, S. (1933). Landfræðikennsla frh. (G.G. þýddi). *Menntamál*, 7(2–3), 51–55.
- Olsen, J. (1900). Alþýðuskólarnir og þjóðlífið: Fyrirlestur eftir J. Olsen, yfirkennara í Varde. *Kennarablaðið: Mánaðarrit um uppeldi og kenslumál*, 1(11), 161–167.
- Ólafur H. Jóhannsson. (1994). Inngangur. Guðmundur Finnbogason. *Lýðmenntun: Hugleiðingar og tillögur* (2. útgáfa). Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu 1. Ritstjóri Loftur Guttormsson. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Ólafur Rastrick. (2008). Nýjar skyldunámsgreinar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 196–209). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Pálmi Jósefsson. (1936). Bækur: Árni Friðriksson: Dýramyndir handa skólum: I. Hryggdýr. *Menntamál*, 9(1), 72–73.
- S. J. (1914). Um ættjarðarást: I. *Skinfaxi*, 5(7), 87–89.

- Sara Regína Valdimarsdóttir. (2009). *Staðarstolt: Um grenndarkennslu í grunnskólum Skagafjarðar*. Óbirt M.Ed.-ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Schröder, L. (1904). Um hina dönsku lýðháskóla: II (Finnur Jónsson þýddi). *Fjallkonan*, 21(2), 5–6.
- Sigurbjörn Á. Gíslason. (1907). Nokkur orð um reikningskenslu: II. *Fjallkonan*, 24(9), 34.
- Sigurður Thorlacius. (1933). Nýi og gamli skólinn: III. *Menntamál*, 7(4–5), 65–85.
- Sigurður Thorlacius. (1936). Góður gestur: Viðtal við L. G. Sjöholm. *Menntamál*, 9(2), 110–116.
- Sigurjón Jónsson. (1913). Hinu megin við sjóndeildarhringinn. *Skólablaðið*, 7(4), 59–61.
- Sjöholm, L. G. (1935). Andri litli á vetrarferðalagi (Ísak Jónsson þýddi). Reykjavík: Ísak Jónsson.
- Sjöholm, L. G. (1936). Andri litli á sumarferðalagi (Ísak Jónsson þýddi). Reykjavík: Ísak Jónsson.
- Skólahald undir beru lofti úti í skógi. (1910). *Skólablaðið*, 4(8), 124–125.
- Snorri Sigfússon. (1932). Inngangsorð. *Boðberinn*, 1(1), 1–2.
- Steingrímur Arason. (1910). Unglinga-farskólar. *Skólablaðið*, 4(8), 118–120.
- Steingrímur Arason. (1919). Stjórnarbylting á skólasviðinu. *Andvari*, 44(1), 1–27.
- Steingrímur Arason. (1920). Sumarskóli. *Skólablaðið*, 12(10), 136–139.
- Steingrímur Arason. (1921a). Átthagafræði. *Skólablaðið*, 13(9), 98–100.
- Steingrímur Arason. (1921b). Útlönd: Ný vakning. *Skólablaðið*, 13(3), 34–35.
- Steingrímur Arason. (1924). *Landfræði fyrir börn og unglunga*. Reykjavík: [Án útgefanda].
- Undirstaðan: I. (1899). *Kennarablaðið: Mánaðarrit um uppeldi og kenslumál*, 1(2), 17–21.
- Undirstaðan: II. (1899). *Kennarablaðið: Mánaðarrit um uppeldi og kenslumál*, 1(3), 33–36.
- Þorvaldur Thoroddsen. (1881). Um skóla í Svíþjóð. *Andvari*, 7(1), 90–122.

Þorvaldur Thoroddsen. (1887). Um náttúrugripasafn í Reykjavík. *Fjallkonan*, 4(23), 91–92.

Ögmundur Sigurðsson. (1889). Um landafræðiskennslu alþýðu. *Tímarit um uppeldi og menntamál*, 2(1), 35–104.

## **Yfirlit yfir fylgiskjöl**

Fylgiskjal 1 – Skoðuð tímarit í stafrófsröð

Fylgiskjal 2 – Skoðuð tímarit í tímaröð

Fylgiskjal 3 – Stutt ágríp um helstu greinarhöfunda

*Fylgiskjal 1 – Skoðuð tímarit í stafrófsröð*

Titill	Útgáfuár	Útgefandi
<i>Andvari</i>	6.–36. árg. (1880–1936)	Hið íslenska þjóðvinafélag
<i>Barnadagurinn</i>	1.–3. árg. (1934–1936)	Barnavinafélagið Sumargjöf
<i>Boðberinn</i>	1. árg. (1932/1933)	Kennarar Barnaskóla Akureyrar
<i>Félagsblað Sambands íslenskra barnakennara</i>	1.–7. árg. (1930–1936)	Samband íslenskra barnakennara
<i>Foreldrablaðið</i>	1.–2. árg. (1934–1936)	Stéttarfélag barnakennara í Reykjavík
<i>Fjallkonan</i>	1.–28. árg. (1884–1911)	1. árg. Gunnlaugur Stefánsson 2. árg. Gunnlaugur Stefánsson og Sigurður Kristjánsson 3.–18. árg. Valdimar Ásmundarson 19.–28. árg. Bríet Bjarnhéðinsdóttir
<i>Fóstra</i>	1. árg. (1931)	Barnavinafélagið Sumargjöf
<i>Frjettir frá Íslandi</i>	8.–17. árg. (1879–1890)	Hið íslenska bókmenntafélag
<i>Heimilisblaðið</i>	1.–3. árg. (1894–1896)	Björn Jónsson með stuðningi Stórstúku Íslands
<i>Jarðvöðull: málgagn stefnuleysingja</i>	1. árg. 1926–1927	Kennaraskóli Íslands
<i>Kennarablaðið: mánaðarrit um uppeldi og kenslumál</i>	1. árg. (1899–1900)	Sigurður Jónsson kennari
<i>Lýður</i>	1.–2. árg. (1888–1891)	Matthías Jochumsson

<i>Menntamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál</i>	1.–9. árg. (1924– 1936)	1.–5. árg. Ásgeir Ásgeirsson 6.–7. árg. Nokkrir kennarar 8.–9. árg. Samband íslenskra barnakennara
<i>Nálar-Oddur</i>	1. árg. (1933)	Kennaraskóli Íslands
<i>Nýja öldin</i>	1.–3. árg. (1897–1899)	Jón Ólafsson
<i>Silkisokkurinn</i>	1. árg. (1927–1928)	Kennaraskóli Íslands
<i>Skinfaxi</i>	1.–27. árg. (1909–1936)	Ungmennafélag Íslands
<i>Skólablaðið</i>	1.–14. árg. (1907–1922)	1. árg. Kennarar Flensborgarskólans 2. árg. Hið íslenska kennarafélag 7.–10. árg. Jón Þórarinnsson 11.–12. árg. Helgi Hjörvar 13.–14. árg. Ásgeir Ásgeirsson, Helgi Hjörvar og Steingrímur Arason
<i>Skóli og heimili</i>	1.–2. árg. (1932–1933)	Kennarafélag Ísafjarðar
<i>Sumargjöfin: Uppeldismálarit</i>	1.–5. árg. (1925–1929)	Barnavinafjelagið Sumargjöf
<i>Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags</i>	1.–25. árg. (1880–1904)	Hið íslenska bókmenntafélag
<i>Tímarit um uppeldi og menntamál</i>	1.–5. árg. (1888–1892)	Jóhannes Sigfússon, Jón Þórarinnsson og Ögmundur Sigurðsson
<i>Vörður</i>	1. árg. (1917/1918)	Hallgrímur Jónsson
<i>Örvar-Oddr: Skólablað kennaraskólans</i>	19.–25. árg. (1927–1934)	Kennaraskóli Íslands

*Fylgiskjal 2 – Skoðuð tímarit í tímaröð*

Ár	Menntatímarit	Almenn tímarit
1880		<i>Andvari; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1881		<i>Andvari; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1882		<i>Andvari; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1883		<i>Andvari; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1884		<i>Andvari; Fjallkonan; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1885		<i>Andvari; Fjallkonan; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1886		<i>Andvari; Fjallkonan; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1887		<i>Andvari; Fjallkonan; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1888	<i>Lýður; Tímarit um uppeldi og menntamál</i>	<i>Andvari; Fjallkonan; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1889	<i>Lýður; Tímarit um uppeldi og menntamál</i>	<i>Andvari; Fjallkonan; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1890	<i>Lýður; Tímarit um uppeldi og menntamál</i>	<i>Andvari; Fjallkonan; Frjettir frá Íslandi; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1891	<i>Lýður; Tímarit um uppeldi og menntamál</i>	<i>Andvari; Fjallkonan; Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>

1892	<i>Tímarit um uppeldi og menntamál</i>	<i>Fjallkonan;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1893		<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1894	<i>Heimilisblaðið</i>	<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1895	<i>Heimilisblaðið</i>	<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1896	<i>Heimilisblaðið</i>	<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1897		<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Nýja öldin;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1898		<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Nýja öldin;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1899	<i>Kennarablaðið: mánaðarrit um uppeldi og kenslumál</i>	<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Nýja öldin;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1900	<i>Kennarablaðið: mánaðarrit um uppeldi og kenslumál</i>	<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1901		<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1902		<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1903		<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1904		<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan;</i> <i>Tímarit Hins íslenska bókmentafélags</i>
1905		<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan</i>
1906		<i>Andvari;</i> <i>Fjallkonan</i>

1907	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Fjallkonan</i>
1908	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Fjallkonan</i>
1909	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Fjallkonan; Skinfaxi</i>
1910	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Fjallkonan; Skinfaxi</i>
1911	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Fjallkonan; Skinfaxi</i>
1912	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1913	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1914	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1915	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1916	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1917	<i>Vörður</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1918	<i>Vörður</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1919	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1920	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1921	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>

1922	<i>Skólablaðið</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1923		<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1924	<i>Mentamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1925	<i>Mentamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál; Sumargjöfin: Uppeldismálarit</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1926	<i>Jarðvöðull: Mál gagn stefnuleysingja; Mentamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál; Sumargjöfin: Uppeldismálarit</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1927	<i>Mentamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál; Silkisokkurinn; Sumargjöfin: Uppeldismálarit; Örvar-Oddr: Skólablað kennaraskólans</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1928	<i>Mentamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál; Silkisokkurinn; Sumargjöfin: Uppeldismálarit; Örvar-Oddr: Skólablað kennaraskólans</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1929	<i>Sumargjöfin: Uppeldismálarit; Örvar-Oddr: Skólablað kennaraskólans</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1930	<i>Félagsblað Sambands íslenskra barnakennara; Örvar-Oddr: Skólablað kennaraskólans</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1931	<i>Félagsblað Sambands íslenskra barnakennara; Fóstra; Menntamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál; Örvar-Oddr: Skólablað kennaraskólans</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>
1932	<i>Boðberinn; Félagsblað Sambands íslenskra barnakennara; Menntamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál; Skóli og heimili; Örvar-Oddr: Skólablað kennaraskólans</i>	<i>Andvari; Skinfaxi</i>

1933	<i>Boðberinn;</i> <i>Félagsblað Sambands íslenzkra barnakennara;</i> <i>Menntamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál;</i> <i>Nálar-Oddur;</i> <i>Skóli og heimili;</i> <i>Örvar-Oddr: Skólablað kennaraskólans</i>	<i>Andvari;</i> <i>Skinfaxi</i>
1934	<i>Barnadagurinn;</i> <i>Félagsblað Sambands íslenzkra barnakennara;</i> <i>Foreldrablaðið;</i> <i>Örvar-Oddr: Skólablað kennaraskólans</i>	<i>Andvari;</i> <i>Skinfaxi</i>
1935	<i>Barnadagurinn;</i> <i>Félagsblað Sambands íslenzkra barnakennara;</i> <i>Foreldrablaðið;</i> <i>Menntamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál</i>	<i>Andvari;</i> <i>Skinfaxi</i>
1936	<i>Barnadagurinn;</i> <i>Félagsblað Sambands íslenzkra barnakennara;</i> <i>Foreldrablaðið;</i> <i>Menntamál: Mánaðarrit um uppeldis- og fræðslumál</i>	<i>Andvari;</i> <i>Skinfaxi</i>

*Fylgiskjal 3 – Stutt ágríp um helstu greinarhöfunda*

Hér er sett fram stutt ágríp um helstu greinarhöfunda. Misítarlegar upplýsingar fundust um viðkomandi menn en reynt er að geta þess hvar viðkomandi stundaði nám og hver helstu störf hans voru auk annars sem höfundur taldi markvert. Heimildaskrá fyrir tilvísanir má finna aftast í fylgiskjalinu.

#### **Aðalsteinn Eiríksson (1901–1990)**

Lærði við Eiðaskóla og Kennaraskólann og kynnti sér skólamál erlendis. Var bæði kennari og skólastjóri ásamt því að vera í forystusveit SÍB (Pálmi Jósefsson, 1961, bls. 281–283).

#### **Aðalsteinn Sigmundsson (1897–1943)**

Lauk námi frá Iðnskóla Akureyrar og Kennaraskólanum. Starfaði sem kennari, skólastjóri og námsstjóri á Vesturlandi. Átti þátt í stofnun SÍB, kynnti sér skólamál á Norðurlöndum og var talsmaður nýrra starfsaðferða í skólum, frjálsra vinnubragða. Var um tíð ritstjóri *Skinfaxa* og starfaði mikið fyrir ungmennafélögin (Ingimar Jóhannesson, 1943, bls. 3–10).

#### **Ásgeir Ásgeirsson (1894–1972)**

Lauk stúdentsprófi frá MR, guðfræðiprófi frá HÍ og stundaði framhaldsnám við háskóla í Kaupmannahöfn og Uppsölum. Hann var ritstjóri *Skólablaðsins*, *Menntamála* og fleiri tímarita. Kenndi í tæpan áratug við Kennaraskólann, var fræðslumálastjóri og síðar forsætis- og fjármálaráðherra. Ásgeir var kjörinn annar forseti Íslands árið 1952 og lauk starfsævinni eftir fjögurra kjörtímabila setu á Bessastöðum (Alþingi, 2001a).

#### **Bjarni Sæmundsson (1867–1940)**

Stúdent frá Lærða skólanum, lauk prófi í náttúru- og landafræði frá háskóla í Kaupmannahöfn. Kenndi við Lærða skólann og skrifaði nokkrar vinsælar kennslubækur og ótal greinar og skýrslur (Árni Friðriksson, 1964, bls. 269–290).

#### **Bogi Th. Melsteð (1860–1929)**

Lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum og tók gráðu í sagnfræði frá Hafnarháskóla. Bogi skrifaði bæði bækur og greinar um sögu Íslendinga (Alþingi, 2001b).

#### **Einar Ásmundsson (1828–1893)**

Lærði gullsmíðar, starfaði í nokkur ár við kennslu, var alþingismaður og bóndi. Skrifaði ritið *Um framfarir Íslands* sem hlaut verðlaun Jóns Sigurðssonar forseta. Einar kom að stofnun Hins íslenska Þjóðvinafélags sem gaf út *Andvara* (Alþingi, 2011; Jónas Jónsson, 1960, bls. 95 og 99).

#### **Einar Hjörleifsson Kvaran (1859–1938)**

Lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum og hóf nám við háskólann í Kaupmannahöfn en lauk því ekki. Einar var ritstjóri margra tímarita, meðal annars *Fjallkonunnar*, og ritaði ófáar blaðgreinar. Þekktastur er hann þó fyrir skáldverk sín (Páll Steingrímsson, 1938, bls. 3).

**Eyjólfur Eyjólfsson (1889–1983)**

Var bóndi og kennari að Meðallandi. Hann var skólastjóri um tveggja ára skeið, hreppstjóri í Leiðavallahreppi og oddviti (Eyjólfur Eyjólfsson frá Hnausum látinn, 1983, bls. 2).

**Friðrik Hjartar (1888–1954)**

Lærði við Flensborgarskólann og Kennaraskóla Íslands. Var skólastjóri við barnaskóla í rúma fjóra áratugi (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1954, bls. 5 og 7).

**Guðjón Baldvinsson (1883–1911)**

Hóf nám við Lærða skólann og háskólann í Kaupmannahöfn en lauk ekki prófi. Hann stofnaði unglingaskóla og kenndi í nokkur ár áður en hann dó fyrir aldur fram. Hann beitti sér fyrir því að Jónas frá Hriflu, sem þá var óþekktur maður, fengi námsstyrk og stöðu við Kennaraskólann (Guðjón Friðriksson, 1991, bls. 2).

**Guðmundur Davíðsson (1874–1953)**

Lauk kennaraprófi frá Flensborg. Var kennari í þrjá áratugi, lengst af við Barnaskóla Reykjavíkur. Sat í stjórn og var sambandsstjóri UMFÍ og skrifaði nokkur almenn fræðirit (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1958, bls. 184).

**Guðmundur Finnbogason (1873–1944)**

Útskrifaðist frá Lærða skólanum og lauk meistaraprófi í heimspeki með sálfræði sem aðalgrein og síðar doktorsprófi frá Hafnarháskóla. Upp úr aldamótunum 1900 fékk hann styrk til tveggja ára rannsóknar á uppeldis- og menntamálum á Norðurlöndum og í framhaldinu styrk til að kynna sér ástand skólamála á Íslandi. Í kjölfarið gaf hann út tímamótaritið *Lýðmenntun* og úttekt á fræðslumálum í *Skýrslu um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903–1904*. Guðmundur samdi frumvarp til fræðslulaga sem var samþykkt á Alþingi 1907. Hann kenndi við Háskóla Íslands um skeið og gerðist svo landsbókavörður (Jörgen L. Pind, 2006, bls. 12 og 33; Loftur Guttormsson, 2008d, bls. 79).

**Guðmundur Hjaltason (1853–1919)**

Stundaði nám í Noregi og Danmörku og útskrifaðist fyrstur Íslendinga frá lýðháskólanum í Askov. Hann kenndi við skóla á Norðurlandi og beitti sér fyrir stofnun lýðháskóla á Íslandi. Guðmundur dvaldi í Noregi, Danmörku og Svíþjóð um nokkurra ára skeið þar sem hann flutti víðsvegar fyrirlestra. Þegar Guðmundur snéri aftur til Íslands 1909 flutti hann fyrirlestra fyrir almenning um allt land og ruddi brautina fyrir héraðsskólana sem stofnaðir voru síðar. Hann skrifaði mikið í tímarit um hin ýmsu málefni og var ritstjóri *Skinfaxa* (Bragi Jósepsson, 1986, bls. 7–17).

**Gunnlaugur Björnsson (1891–1962)**

Menntaður kennari frá Kennaraskólanum, stundaði síðar nám við lýðháskólana í Askov og Voss. Kenndi lengi við Bændaskólann að Hólum ásamt því að vera bóndi. Hann starfaði fyrir Ungmennafélag Íslands og ritstýrði meðal annars *Skinfaxa* (Jón Sigurðsson, 1962, bls. 9).

### **Helgi Elíasson (1904–1995)**

Lauk kennaraprófi og stundaði að því loknu framhaldsnám í Danmörku og Þýskalandi. Var kennari í Reykjavík, skrifaði allnokkuð í tímarit og gaf út hinar þekktu lestrarbækur *Gagn og gaman* með Ísak Jónssyni. Helgi starfaði sem fulltrúi á Fræðslumálaskrifstofunni og tók svo við embætti fræðslumálastjóra sem hann gegndi í þrjá áratugi (Broddi Jóhannesson, 1963, bls. 177).

### **Helgi Hjörvar (1888–1965)**

Stundaði nám við skólann á Hvítárbakka og Kennaraskólann og kynnti sér skólamálefni á Norðurlöndum og í Þýskalandi. Hann starfaði sem kennari í tæpan aldarfjórðung, stóð að stofnun SÍB og sat í stjórn sambandsins í rúm tíu ár. Helgi var þulur í Ríkisútvarpinu, sem hann átti þátt í að byggja upp. Auk þess var hann rithöfundur, skrifaði fjölmargar greinar í tímarit og var um tíma ritstjóri *Skólablaðsins* (Bjarni Bjarnason, 1966, bls. 7; Guðmundur Kr. Guðmundsson, 1966, bls. 7).

### **Hjálmar Sigurðarson (1857–1903)**

Var ritstjóri barnblaðsins *Æskunnar* í nokkur ár og virkur félagsmaður í góðtemplarareglunni (Br. Hjálmar Sigurðsson, 1903, bls. 93–94).

### **Ísak Jónsson (1898–1963)**

Lauk búnaðarskólaprófi frá Bændaskólanum á Hvanneyri og kennaraprófi frá Kennaraskólanum. Kynnti sér smábarnafræðslu í Svíþjóð og fór í námsferð um Norðurlönd, England, Frakkland og Bandaríkin. Stofnaði Skóla Ísaks Jónssonar, einkaskóla fyrir börn á aldrinum fimm til átta ára. Hann tók að sér að sjá um æfingakennslu fyrir nemendur Kennaraskólans ásamt því að skrifa bækur og greinar um áttahagafræði og lestrarkennsluáðferðir. Auk þess kom hann að starfi Barnavinafélagsins Sumargjafar og Uppeldisskóla Sumargjafar (Gunnar M. Magnúss, Helgi Elíasson, Herdís Egilsdóttir og Sigurjón Páll Ísaksson, 1979, bls. 17–22; Ólafur Þ. Kristjánsson, 1958, bls. 320).

### **Jóhannes L. L. Jóhannsson (1859–1929)**

Lauk stúdentsprófi og síðan guðfræðiprófi frá Prestaskólanum. Var prestur í Suðurdaláþingum en hafði alla tíð áhuga á málfræði og sinnti því áhugamáli eftir að hann lét af prestskap (Gils Guðmundsson, 1996, bls. 25–26).

### **Jóhannes Sigfússon (1853–1930)**

Útskrifaðist úr Lærða skólanum og frá Prestaskólanum. Kenndi við Flensborgarskóla og Menntaskólann í Reykjavík. Jóhannes skrifaði nokkrar kennslubækur og var einn þriggja stofnenda og ritstjóra *Tímarits um uppeldi og menntamál* (Ólafur Thorlacius, 1939, bls. 17–20).

### **Jón Ófeigsson (1881–1938)**

Lauk stúdentsprófi og síðan prófi í málfræði frá Háskóla Kaupmannahafnar. Jón kynnti sér skólamál víða erlendis og kenndi við menntaskóla í þrjú áratugi. Hann var gerður að heiðursdoktor við Háskóla Íslands og eftir hann liggja fáeinar kennslubækur (Bjarni Jónsson, 1938, bls. 5).

### **Jónas Jónasson (1856–1918)**

Lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum og útskrifaðist úr Prestaskólanum. Jónas starfaði bæði sem prestur og kennari ásamt því að sinna ritstörfum. Hans þekktasta verk, *Íslenskir þjóðhættir*, kom út að honum látnum (Stefán Sæmundsson, 1991, bls. 8).

### **Jónas Jónsson frá Hriflu (1885–1968)**

Stundaði nám við Gagnfræðaskólann á Akureyri, lýðháskólann í Askov í Danmörku og Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn og tók sér ár í að kynna sér skólamál í þremur Evrópulöndum. Hann gaf út vinsælar kennslubækur, meðal annars *Íslandssögu handa börnum* og *Dýrafræði*. Jónas skrifaði fjöldann allan af tímaritsgreinum og ritstýrði nokkrum tímaritum, þeirra á meðal *Skinfaxa*. Hann kenndi við Kennaraskólann í Reykjavík og gegndi skólastjórstöðu Samvinnuskólans um árabíl. Auk þess var hann alþingismaður og dóms- og kirkjumálaráðherra og sat í menntamálaráði í tólf ár (Alþingi, 2001c; Árni Bjarnarson, 1985, bls. 35–37; Erlendur Einarsson, 1985, bls. 13)

### **Möller, J. (upplýsingar um fæðingar- og dánarár fundust ekki)**

Danskur grunnskólakennari sem kenndi við Skolen ved Skellet, tilraunabarnaskóla í Danmörku. Kom til Íslands í kennaraskiptum (Möller, 1936, bls. 206).

### **Ohlson, S. (upplýsingar um fæðingar- og dánarár fundust ekki)**

Sænsk kennslukona frá Gautaborg. Hún kynnti breyttar áherslur í landafræðikennslu (Ohlson, 1932, bls. 113).

### **Olsen, J. (1840–1911)**

Yfirkennari í Varde í Danmörku (Olsen, 1900, bls. 161).

### **Pálmi Jósefsson (1898–1989)**

Lauk námi frá Kennaraskólanum, stundaði síðar framhaldsnám í uppeldis- og eðlisfræði í Edinborg. Pálmi gaf út kennslubækur, sat í stjórn SÍB og átti sæti í millipinganefnd sem samdi frumvarpið til fræðslulaganna sem samþykkt voru 1936 (Ármann Halldórsson, 1948, bls. 145–146).

### **Schröder, L. (1836–1908)**

Var guðfræðingur sem gerðist alþýðukennari. Hann var skólastjóri í Rödding í Danmörku og síðar veitti hann lýðháskólanum í Askov forstöðu í fjóra áratugi. Schröder var undir miklum áhrifum frá Grundtvig og setti meðal annars upp sumarskóla fyrir kennara í Askov (Jónas Jónsson, 1909, bls. 1–8).

### **Sigurbjörn Á. Gíslason (1876–1969)**

Var stúdent frá Lærða skólanum og lauk kandidateprófi frá Prestaskólanum. Fór í fjölmargar námsdvalir til Norðurlanda og Kanada. Hann var áhugamaður um stærðfræði, gaf út sex litlar reikningsbækur og kenndi við fjölmarga skóla (Jón Valur Jensson, e.d.; Ólafur Þ. Kristjánsson, 1965, bls. 111–112).

### **Sigurður Thorlacius (1900–1945)**

Tók stúdentspróf og lauk kennaraprófi á Íslandi. Lagði stund á uppeldis- og barnasálfræði í Rousseau-stofnuninni í Genf í Sviss. Lærði þar meðal annars hjá Piaget og útskrifaðist með diplómapróf í barnasálfræði. Hann var skólastjóri Austurbæjarskóla frá stofnun hans og þar til hann lést. Sigurður sat í ýmsum nefndum, var formaður SÍB og ritstjóri *Menntamála* í nokkur ár (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 220; Ólafur Þ. Kristjánsson, 1945, bls. 113–114).

### **Sigurjón Jónsson (upplýsingar um fæðingar- og dánarár fundust ekki)**

Ekki er hægt að segja með vissu um hvaða mann ræðir, hið minnsta þrír kennarar báru þetta nafn við upphaf tuttugustu aldar.

### **Sjöholm, L. G. (1877–1970)**

Sænskur kennari sem kenndi fyrst við barnaskóla og síðar við Kennaraskólann í Gautaborg þar sem hann var æfingakennari í nær fjóra áratugi. Sjöholm var brautryðjandi í lestrar- og áttthagafræðikennslu. Hann samdi fjölmargar bækur og hélt sumarnámskeið fyrir kennara víða á Norðurlöndum, meðal annars á Íslandi (Ísak Jónsson, 1957, bls. 187; Sigurður Thorlacius, 1936, bls. 112–113).

### **Steingrímur Arason (1879–1951)**

Stundaði nám við Möðruvallaskóla og lauk kennaraprófi frá Flensborgarskóla. Nam uppeldis- og menntunarfræði við Teachers College í virtustu kennaramenntunarstofnun Bandaríkjanna, Columbia-háskólann, þar sem Dewey, Thorndike og fleiri þekktir menntamenn kenndu. Árið 1920 lauk Steingrímur þaðan fyrstur Íslendinga háskólagráðu í þeim fræðum. Að námi loknu gerðist hann æfingarkennari við Kennaraskólann í tvo áratugi. Steingrímur samdi nokkrar kennslubækur og skrifaði mikið í íslensk menntatímarit allt frá því að hann hóf nám í Bandaríkjunum. Hann kom að stofnun Barnavinafélagsins Sumargjafar og var stjórnarmaður félagsins í 15 ár auk þess að ritstýra tímariti þess, *Sumargjöf*. Einnig sat hann í ritstjórn *Unga Íslands* og *Skólablaðsins* (Kristín Indriðadóttir, 1995, bls. 9–12 og 19; Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 140–141).

### **Þorvaldur Thoroddsen (1855–1921)**

Útskrifaðist sem stúdent frá Lærða skólanum, lauk náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla og nam jarð- og landafræði við háskóla í Leipzig í Þýskalandi. Hann lauk ekki því námi en gerðist kennari við Möðruvallaskóla og síðar Lærða skólann. Þorvaldur fékk styrk til að kynna sér skólamál í Svíþjóð og einnig til að rannsaka jarðfræði Íslands. Hann er þekktastur fyrir jarð- og landafræðirannsóknarferðir sínar hérlendis og ritstörf sín á því sviði (Bogi Th. Melsted, 1923, bls. 1–17).

### **Ögmundur Sigurðsson (1859–1937)**

Eftir að hafa útskrifast frá Möðruvallaskóla stundaði hann nám við kennaraskóla bæði í Kaupmannahöfn og Chicago í Bandaríkjunum. Ögmundur var skólastjóri í tveimur barnaskólum en gerðist síðan kennari og síðar skólastjóri við Flensborgarskóla. Hann gaf út kennslubók í stærðfræði, skrifaði allnokkuð í tímarit og ritstýrði í samstarfi við aðra *Tímariti um uppeldi og menntamál* (Bragi Jósepsson, 1986, bls. 11–12; Loftur Guttormsson, 2008c, bls. 70).

### Heimildaskrá - Fylgiskjal 3

- Alþingi. (2001a). *Ásgeir Ásgeirsson*. Vefslóð: <http://www.althingi.is/cv.php4?nfaerslunr=43>.
- Alþingi. (2001b). *Bogi Th. Melsteð (Bogi Thorarensen)*. Vefslóð: <http://www.althingi.is/altext/cv.php4?nfaerslunr=95>.
- Alþingi. (2001c). *Jónas Jónsson frá Hriflu*. Vefslóð: <http://www.althingi.is/cv.php4?nfaerslunr=351>.
- Alþingi. (2011). *Einar Ásmundsson*. Vefslóð: <http://www.althingi.is/altext/cv.php4?nfaerslunr=122>.
- Ármann Halldórsson. (1948). Fimmtugur: Pálmi Jósefsson yfirkennari. *Menntamál*, 21(4), 145–146.
- Árni Bjarnarson. (1985). Menn hlutu að hrífast af eldmóði hans og baráttuhug. Í Gylfi Gröndal (sá um útgáfu), *Á aldarafmæli Jónasar frá Hriflu* (bls. 35–37). Reykjavík: Samband íslenskra samvinnufélaga.
- Árni Friðriksson. (1964). Bjarni Sæmundsson. Í Jón Guðnason (bjó til prentunar), *Merkir Íslendingar: Nýr flokkur III* (bls. 269–290). Reykjavík: Bókfellsútgáfan.
- Bjarni Bjarnason. (1966, 4. janúar). Minning: Helgi Hjörvar. *Tíminn*, bls. 7.
- Bjarni Jónsson. (1938, 1. mars). Jón Ófeigsson yfirkennari. *Morgunblaðið*, bls. 5.
- Bogi Th. Melsteð. (1923). Þorvaldur Thoroddsen. *Ársrit Hins íslenska fræðafjelags í Kaupmannahöfn*, 7(1), 1–78.
- Br. Hjálmar Sigurðsson. (1903). *Good-Templar*, 7(10), 93–94.
- Bragi Jósefsson. (1986). *Lýðskólamaðurinn Guðmundur Hjaltason og ritverk hans*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Broddi Jóhannesson. (1963). Helgi Eliásson sextugur. *Menntamál*, 36(2), 177–178.
- Erlendur Einarsson. (1985). Hann var hugsjónamaðurinn sem vissi málstað sinn réttan. Í Gylfi Gröndal (sá um útgáfu), *Á aldarafmæli Jónasar frá Hriflu* (bls. 13–22). Reykjavík: Samband íslenskra samvinnufélaga.
- Eyjólfur Eyjólfsson frá Hnausum látinn. (1983, 15. október). *Morgunblaðið*, bls. 2.
- Gils Guðmundsson. (1996, 21. desember). Ég þagði en hjartað brann. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 25–26.
- Guðjón Friðriksson. (1991, 30. nóvember). Huldumaður í íslenskum stjórnámálum. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 2.

- Guðmundur Kr. Guðmundsson. (1966, 4. janúar). Minning: Helgi Hjörvar. *Tíminn*, bls. 7 og 12.
- Gunnar M. Magnúss, Helgi Eliásson, Herdís Egilsdóttir og Sigurjón Páll Ísaksson. (1979). *Skóli Ísaks Jónssonar fimmtíu ára 1926–1976*. Reykjavík: Skóli Ísaks Jónssonar.
- Ingimar Jóhannesson. (1943). Aðalsteinn Sigmundsson kennari. *Menntamál*, 16(1), 3–12.
- Ísak Jónsson. (1957). Uppeldis- og skólafrömuður áttæður. *Menntamál*, 30(2), 187–188.
- Jón Sigurðsson. (1962, 24. mars). Gunnlaugur Björnsson: Bóndi og kennari, Brimnesi, Skagafirði. *Morgunblaðið*, bls. 9.
- Jón Valur Jensson. (e.d.). *Öflugur þjónn Krists í mannúðarstörfum: Sigurbjörn Á. Gíslason*. Sótt 20. júlí 2012 af [http://www.gardur.is/einstakl\\_itarefni.php?nafn\\_id=149579](http://www.gardur.is/einstakl_itarefni.php?nafn_id=149579).
- Jónas Jónsson. (1909). Lýðskólinn í Askóv. *Eimreiðin*, 15(1), 1–14.
- Jónas Jónsson. (1960). *Aldamótamenn: Þættir úr hetjusögu* (2. bindi). Akureyri: Bókaförlag Odds Björnssonar.
- Jörgen L. Pind. (2006). *Frá sál til sálar: Ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kristín Indriðadóttir. (1995). Hugmyndir Steingríms Arasonar um kennslu og skólastarf: Uppruni og afdrif. *Uppeldi og menntun*, 4(1), 9–33.
- Loftur Guttormsson. (2008a). Barnakennarar: starfskjör, menntun og staða. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 126–141). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008b). Náms og kennsluhættir. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 212–227). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008c). Sjálfsprottir skólar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 56–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008d). Tímamótin 1907. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 75–89). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Möller, J. (1936). Den praktiske Mellemskole. *Menntamál*, 9(3), 206–215.
- Ohlson, S. (1932). Landfræðikennsla (G.G. þýddi). *Menntamál*, 6(7), 113–117.
- Olsen, J. (1900). Alþýðuskólarnir og þjóðlífið: Fyrirlestur eftir J. Olsen, yfirkennara í Varde. *Kennarablaðið: Mánaðarrit um uppleddi og kenslumál*, 1(11), 161–167.

- Ólafur Thorlacius. (1939). Jóhannes Sigfússon. *Menntamál*, 12(1), 17–20.
- Ólafur Þ. Kristjánsson. (1945). Sigurður Thorlacius látinn. *Menntamál*, 18(5), 113–128.
- Ólafur Þ. Kristjánsson. (1954, 13. nóvember). Minningarorð: Friðrik Hjartar skólastjóri. *Alþýðublaðið*, bls. 5 og 7.
- Ólafur Þ. Kristjánsson. (1958). *Kennaratal á Íslandi I*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.
- Ólafur Þ. Kristjánsson. (1965). *Kennaratal á Íslandi II*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.
- Páll Steingrímsson. (1938, 28. maí). Einar H. Kvaran rithöfundur. *Vísir*, bls. 3.
- Pálmi Jósefsson. (1936). Bækur: Árni Friðriksson: Dýramyndir handa skólum: I. Hryggdýr. *Menntamál*, 9(1), 72–73.
- Pálmi Jósefsson. (1961). Aðalsteinn Eiríksson sextugur. *Menntamál*, 34(3), 281–284.
- Sigurður Thorlacius. (1936). Góður gestur: Viðtal við L. G. Sjöholm. *Menntamál*, 9(2), 110–116.
- Stefán Sæmundsson. (1991, 4. maí). Jónas og þjóðhættirnir. *Dagur*, bls. 8.